

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 8. október 2021.

Mál nr. 524/2020:

Ákærvaldið

(Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Guðberg Þórhallssyni og

(Vilhjálmur Þ.Á. Vilhjálmsson lögmaður)

Rúnari Má Sigurvinnssyni

(Þórir Júlíusson lögmaður)

Lykilorð

Umboðssvik. Hlutdeild. Mútur. Lögskýring. Sýkna að hluta. Peningaþvætti. Skilorð. Upptaka. Einkaréttarkrafa. Skaðabætur.

Útdráttur

R var sakfelldur fyrir umboðssvik og G fyrir hlutdeild í þeim. Í dómi Landréttar var talið sannað að ákærðu hefðu, að frumkvæði R, haft samráð um að R myndi í krafti stöðu sinnar hjá I ohf. sjá til þess að félagið keypti, í nánar tilgreind skipti, aðgangsmiða í bílastæðahlið félagsins af B ehf. á miklu hærra verði en eðlilegt gat talist og náð samkomulagi um að skipta með sér ávinningi af brotunum. Var háttsemin heimfærð undir 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr., sbr. 4. mgr. 22. gr. sömu laga að því er varðaði hlutdeild G. R var jafnframt sakfelldur fyrir brot gegn 2. mgr. 264. gr. a almennra hegningarlaga en G sýknaður af broti gegn 1. mgr. sömu lagagreinar. Þá voru ákærðu sakfelldir fyrir peningaþvætti samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga. Refsing R var ákveðin fangelsi í 15 mánuði en fullnustu 12 mánaða hennar var frestað skilorðsbundið í tvö ár. Þá var refsing G ákveðin fangelsi í níu mánuði en fullnustu hennar var frestað skilorðsbundið í tvö ár. Loks voru ákærðu dæmdir til að greiða I ohf. óskipt skaðabætur og nánar tilgreindar eignir þeirra gerðar upptækar með vísan til 69. gr. og 1. og 3. mgr. 69. gr. b almennra hegningarlaga og ákveðið að andvirði upptækra verðmæta yrði varið til greiðslu skaðabótakröfu I ohf., sbr. 1. mgr. 69. gr. e sömu laga.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómaramarnir Aðalsteinn E. Jónasson, Eiríkur Jónsson og Hervör Þorvaldsdóttir.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Ríkissaksóknari skaut málinu til Landsréttar 20. ágúst 2020 í samræmi við yfirlýsingar ákærðu um áfrýjun. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjaness 23. júlí 2020 í málinu nr. S-[...]/2019.

- 2 Ákærvaldið krefst þess að ákærðu verði sakfelldir samkvæmt ákæru, að refsing þeirra verði þyngd og að staðfest verði niðurstaða héraðsdóms um dæmda upptöku.
- 3 Ákærðu krefjast aðallega sýknu af kröfum ákærvaldsins en til vara að þeim verði ákveðin vægasta refsing sem lög leyfa. Þá krefjast þeir þess að upptökukröfum ákærvaldsins verði hafnað. Loks krefjast ákærðu aðallega frávísunar á einkaréttarkröfu, til vara sýknu af kröfunni en að því frágengnu að hún verði lækkuð. Verði fallist á upptökukröfur ákærvaldsins og einkaréttarkröfu krefjast ákærðu þess að upptækir fjármunir verði nýttir til greiðslu einkaréttarkröfu.
- 4 Einkaréttarkröfuhafi, Isavia ohf., krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms um kröfu hans og málskostnað. Þá er þess krafist að ákærðu verði dæmdir óskipt til að greiða honum málskostnað fyrir Landsrétti.
- 5 Skýrslur ákærðu og vitnisins A fyrir héraðsdómi voru spilaðar í hljóði og mynd við upphaf aðalmeðferðar fyrir Landsrétti en auk þess gaf vitnið A viðbótarskýrslu þar sem hann staðfesti meðal annars framburð sinn fyrir héraðsdómi.

Niðurstaða

Fyrsti kafli ákæru – umboðssvik og hlutdeild í þeim

- 6 Ákærða Guðberg er í fyrsta kafla ákæru meðal annars gefin að sök hlutdeild í umboðssvikum í störfum hans sem eiganda, stjórnarmanns og framkvæmdastjóra Boðtækni ehf. Ákærða Rúnari eru meðal annars gefin að sök umboðssvik í starfi hans sem þjónustustjóri hjá Isavia ohf. sem fól í sér umsjón með bílastæðum félagsins við Keflavíkurlflugvöll. Nánar tiltekið hafi ákærði Guðberg borgað eða látið borga ákærða Rúnari, án réttmæts tilkalls hans, samtals 3.485.250 krónur, í formi þriggja greiðslna frá Boðtækni ehf. til félags ákærða Rúnars, Unique Chillfresh Iceland ehf. Hafi ákærði Guðberg fengið ákærða Rúnar, í bága við starfsskyldur hans hjá Isavia ohf., til að greiða miklu hærra verð en eðlilegt gat talist fyrir aðgangsmiða í bílastæðahlið sem félagið keypti af Boðtækni ehf., annars vegar í júní 2015 og hins vegar í mars 2016. Í aðdraganda viðskiptanna hefðu ákærðu átt samráð um að ákærði Rúnar myndi í krafti stöðu sinnar hjá Isavia ohf. sjá til þess að félagið keypti aðgangsmiðana á hinu óeðlilega háa verði og skyldi ávinningur af því skiptast á nánar tilgreindan hátt milli hans og Boðtækni ehf. Ákærði Rúnar hefði síðar samþykkt reikninga Boðtækni ehf. vegna miðakaupanna innan Isavia ohf. Hafi hann í kjölfarið gefið út reikninga í nafni fyrrgreinds félags síns, Unique Chillfresh Iceland ehf., sem hafi ekki byggst á lögætum viðskiptum milli félaganna heldur hafi þeir einungis verið yfirvarp fyrir mútugreiðslur til ákærða Rúnars sem næmu fjárhæðum þeirra reikninga án virðisaukaskatts. Eftirstöðvar ávinnings brotanna hefðu orðið eftir hjá Boðtækni ehf. Eru framangreind ætluð brot ákærðu heimfærð í ákæru undir 249. gr., sbr. 1. og 4. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
- 7 Eins og nánar er rakið í hinum áfrýjaða dómi byggja varnir ákærða Guðbergs í megindráttum á því að hann hafi ekki átt neinn þátt í ætluðum umboðssvikum ákærða

Rúnars. Hann hafi ekki þekkt hann og einungis hitt hann í eitt skipti án þess að ræða sérstaklega við hann um viðskipti Boðtækni ehf. við Isavia ohf. Hafi þau viðskipti alfarið átt sér stað fyrir milligöngu A sem þá var starfsmaður Boðtækni ehf. A hafi komið viðskiptunum á fyrir hönd Boðtækni ehf. og annast öll samskipti við Isavia ohf. vegna þeirra. Byggir hann á því að frásögn A um samráð hans og meðákærða um skiptingu hagnaðar sé tilbúningur sem hafi verið settur fram í hefndarskyni af hálfu A vegna ágreinings þeirra á milli.

- 8 Varnir ákærða Rúnars byggja einkum á því að ekki sé unnt að heimfæra háttsemi hans undir verknaðarlýsingu 249. gr. almennra hegningarlaga þar sem hann hafi hvorki haft umboð né verið í aðstöðu til að skuldbinda Isavia ohf. til kaupa á umræddum miðum. Í því sambandi vísar hann einkum til þess að samkvæmt innri starfsreglum Isavia ohf. hefði þurft samþykki yfirmanns hans fyrir viðskiptunum. Slíkt samþykki hafi verið veitt og þar með liggja jafnframt fyrir að Isavia ohf. hafi samþykkt að kaupa miðana á umræddu verði. Hafnar hann því alfarið að hafa átt samráð við meðákærða um verð á miðunum og skiptingu hagnaðar vegna þeirra. Byggir hann í því sambandi á því að þeir reikningar sem félag hans hafi gefið út til Boðtækni ehf. í kjölfar viðskipta með miðana árin 2015 og 2016 hafi verið vegna ráðgjafar hans á sviði sjávarútvegs til Boðtækni ehf. og hafi ekki tengst miðasölu á neinn hátt.
- 9 Upphaf rannsóknar málsins má rekja til þess að 29. júní 2017 sendi A tölvubréf til aðstoðarforstjóra Isavia ohf. Í bréfinu kynnti hann sig sem fyrrverandi starfsmann Boðtækni ehf. sem fyrir liggur að hafði í nokkur skipti árin 2015 til 2017 selt Isavia ohf. miða fyrir bílastæði við Keflavíkurflugvöll. Greindi A frá því að þegar hann starfaði fyrir Boðtækni ehf. hefði hann orðið „vitni að nokkrum atvikum er snertu þessi viðskipti og sem [telja] má að brotið hafi verið alvarlega á Ísavía“. Nánar tiltekið hefði ákærði Rúnar, sem þá var forstöðumaður bílastæða hjá Isavia ohf., og Boðtækni ehf. komið sér saman um verð á bílastæðamiðunum sem hefði verið umtalsvert herra en eðlilegt verð og skipt með sér hagnaðinum með tilheyrandi tjóni fyrir Isavia ohf.
- 10 Með bréfi Isavia ohf. 25. júlí 2017 voru „Ótilgreindir forsvarsmenn Boðtækni ehf.“ og ákærði Rúnar kærðir til héraðssáksóknara vegna gruns „um refsiverða háttsemi sem [hefði] valdið Isavia ohf. fjárhagslegu tjóni að fjárhæð kr. 15.184.900“. Um háttsemina var í bréfinu vísað til fyrrgreinds tölvubrúfs A auk þess sem þar var nánar rakið í hverju meint brot fólust. Kom þar fram að ákærði Rúnar hefði starfað sem þjónustustjóri hjá félaginu frá 11. mars 2014 til 19. apríl 2016 er honum var sagt upp af ástæðum sem væru þessu máli óviðkomandi. Þegar hann hefði komið til starfa hefði Isavia ohf. keypt bílastæðamiða af norska fyrirtækinu K fyrir verð á bilinu 3,7 til 4,69 krónur fyrir hvern miða. Hefði ákærði Rúnar ákveðið 26. maí 2015 að panta miða frá Boðtækni ehf. með þeim útskýringum til yfirmanns síns að hann fengi betra verð þar. Hafi hann fyrst pantað 120.000 miða og hefði hver miði kostað 2,69 krónur. Tuttugu dögum síðar, 16. júní sama ár, hafi hann svo pantað 760.000 miða þar sem verðið fyrir hvern miða var 5,5 krónur fyrir 45.000 miða en 8,1 króna fyrir 715.000 miða. Hinn

16. mars 2016 hafi hann svo pantað 750.000 miða, þar sem verðið var 8,3 krónur fyrir hvern miða. Loks hefði starfsmaður sem tók við af ákærða Rúnari pantað 760.000 miða fyrir síðastnefnt verð 6. mars 2017 en vegna misvísandi upplýsinga frá Boðtækni ehf. í aðdraganda pöntunarinnar hefði hann staðið í þeirri röngu trú að það vantaði miða auk þess sem hann hefði ekki þekkt til meints samráðs ákærða Rúnars og Boðtækni ehf. um verðlagningu miðanna. Í kjölfar pöntunarinnar hefði svo komið í ljós umtalsvert magn miða í vörslum Boðtækni ehf. og því hefði ekki verið þörf á að panta miðana. Í fylgiskjali bréfsins var fyrrgreint tjón reiknað sem mismunur á verði miða í fyrstu sendingu, 2,69 krónur fyrir hvern miða, og framangreindu verði á bilinu 5,5 til 8,3 krónur fyrir hvern miða, samtals 12.521.800 krónur. Til viðbótar var þar reiknað út meint tjón miðað við áætlaða þörf Isavia ohf. á notkun miða frá mars til júní 2017, samtals 2.663.100 krónur. Í heild var reiknað tjón tilgreint í bréfinu sem 15.184.900 krónur.

- 11 Húsleit var gerð hjá Boðtækni ehf. 27. ágúst 2018 og var þá jafnframt tekið afrit af ýmsum rafrænum gögnum. Við leit í þeim fannst meðal annars Excel-skjal sem hafði verið vistað á sameiginlegum netþjóni félagsins undir heitinu „Verð“. Af gögnum málsins má ráða að skjalið hafi verið vistað í rafrænni möppu fyrir „Vidskiptamenn“ undir nafninu „Isavia“. Í gögnum um uppruna skjalsins kemur fram að það hafi verið stofnað af „notandi“ 16. júní 2015 klukkan 14:08 en síðast breytt af sama aðila 14. júlí sama ár klukkan 11:55. Jafnframt kemur þar fram að skjalið hafi verið prentað út síðastnefndan dag. Í því er að finna útreikning á magntölunni 750.000 miðað við ólíkar forsendur í krónum. Er þannig í fyrsta lagi reiknuð fjárhæðin 1.687.500 krónur sem margfeldi af 2,25 og 750.000 og í öðru lagi fjárhæðin 5.958.000 krónur sem margfeldi af annars vegar 5,5 og 45.000 (247.500) og hins vegar 8,1 og 705.000 (5.710.500). Mismunur á fyrrgreindum fjárhæðum er tilgreindur 4.270.500 krónur (5.958.000-1.687.500) sem er skipt í þrennt í skjalinu með þeim hætti að fjárhæðin 1.885.250 krónur er sett í dálka við hliðina á nöfnunum „Boðtækni“ og „Rúnar“ og loks 500.000 krónur í dálk við hliðina á nafninu „A“.
- 12 Til samræmis við þá atburðarás sem fram kemur í fyrrgreindu bréfi Isavia ohf. 25. júlí 2017 liggur fyrir að Boðtækni ehf. gaf út reikning til þess fyrrnefnda fyrir bílastæðamiðum þar sem verð fyrir hvern miða var tilgreint 2,69 krónur fyrir 120.000 miða. Var gjalddagi reikningsins 9. júní 2015. Annar reikningur var svo gefinn út af Boðtækni ehf. skömmu síðar með gjalddaga 30. sama mánaðar þar sem verð fyrir hvern miða var tilgreint annars vegar 5,5 krónur fyrir hvern miða fyrir 45.000 miða og hins vegar 8,1 króna fyrir 715.000 miða sem eru sömu upphæðir og í fyrrgreindu Excel-skjali að því frátöldu að síðarnefndu miðarnir eru 10.000 stykkjum færri í skjalinu. Isavia ohf. greiddi fyrri reikninginn 16. júní 2015 en þann seinni á gjalddaga 30. sama mánaðar. Í gögnum málsins kemur fram að félag í eigu ákærða Rúnars, Unique Chillfresh Iceland ehf., hafi gefið út tvo reikninga til Boðtækni ehf. í júní 2015 sem námu samtals sömu fjárhæð og var tilgreind við hlið nafns Rúnars í fyrrgreindu Excel-skjali. Gaf félagið þannig út reikning annars vegar 16. júní 2015 að fjárhæð

1.000.000 króna auk virðisaukaskatts og hins vegar 30. sama mánaðar að fjárhæð 885.250 krónur auk virðisaukaskatts. Samtals nam fjárhæð þessara reikninga 1.885.250 krónum án virðisaukaskatts. Í skýringum við reikningana kom fram að fyrri reikningurinn væri „v/Ráðgjöf“ en í þeim seinni segir „Ráðgjöf“ án frekari skýringa. Af ársreikningi félagsins fyrir árið 2015 má ráða að þetta voru einu tekjur félagsins það ár að frátöldum 10.834 krónum fyrir seldan fisk. Fyrir liggur að Boðtækni ehf. greiddi fyrri reikninginn með millifærslu á reikning Unique Chillfresh Iceland ehf. 6. júlí 2015 en þann seinni 14. júlí sama ár. Í beinu framhaldi, nánar tiltekið á tímabilinu 14. júlí 2015 til 17. ágúst sama ár, voru samtals 1.720.000 krónur færðar af reikningi Unique Chillfresh Iceland ehf. á reikning ákærða Rúnars. Í einni millifærslu að fjárhæð 1.400.000 krónur var í skýringu tilgreint að um lán væri að ræða en engar skýringar voru skráðar við aðrar millifærslur.

- 13 Hinn 16. mars 2016 gaf Boðtækni ehf. á ný út tvo reikninga til Isavia ohf., annars vegar að fjárhæð 103.415 krónur fyrir 10.000 miða þar sem verð fyrir hvern miða var tilgreint 8,3 krónur og hins vegar að fjárhæð 7.894.351 króna fyrir 750.000 miða á sama verði. Báðir reikningar voru greiddir af Isavia ohf. 30. mars 2016. Fimm dögum síðar, 4. apríl 2016, gaf Unique Chillfresh Iceland ehf. út reikning til Boðtækni ehf. að fjárhæð 1.600.000 krónur auk virðisaukaskatts. Var reikningurinn greiddur af Boðtækni ehf. sama dag. Eins og í þeim reikningum sem voru gefnir út árið 2015 kom fram í honum að um „Ráðgjöf“ væri að ræða, án nánari skýringa. Voru þetta einu tekjur félagsins árið 2016 samkvæmt fyrirliggjandi ársreikningi. Hinn 14. júní 2016 voru 1.996.000 krónur færðar af reikningi Unique Chillfresh Iceland ehf. á reikning ákærða Rúnars. Í skýringu fyrir millifærslu kom fram að um lán væri að ræða.
- 14 Vitnið A staðfesti í framburði sínum fyrir héraðsdómi að hafa sent fyrrgreint tölvubréf til Isavia ohf. 29. júní 2017. Kom fram í skýrslu hans þar að það hefði verið ákærði Rúnar sem hafi viðrað þá hugmynd við sig í síma í júní 2015 að hann myndi samþykkja fyrir hönd Isavia ohf. mun herra verð í miðana en vitnið A legði til gegn því að hann, Rúnar, fengi til sín hluta af því verði sem Isavia ohf. myndi greiða. Kvaðst vitnið hafa brugðist við þessari tillögu með því að vísa ákærða Rúnari á meðákærða, Guðberg. Þeir hafi hist í kjölfarið ásamt vitninu og [...], B. Þar hefðu ákærðu náð samkomulagi um þá skiptingu sem fram kæmi í Excel-skjalinu. Staðfesti vitnið þennan framburð sinn fyrir Landsrétti en í skýrslu hans hér fyrir dómi kom fram að hann hefði verið viðstaddur hluta þessa fundar. Kannaðist vitnið ekki við að hafa beðið ákærða Rúnar um ráðgjöf tengda sjávarútvegi. B, [...], gaf skýrslu hjá lögreglu. Kannaðist hún þar við að hafa hitt ákærða Rúnar þar sem rætt hafi verið „eitthvað verð og búið“. Með vísan til a-liðar 1. mgr. 117. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála skoraðist hún hins vegar undan því að gefa skýrslu fyrir héraðsdómi.
- 15 Framburður vitnisins A hefur frá upphafi verið staðfastur um framangreinda atburðarás. Þótt fyrir liggi að ágreiningur hafi komið upp milli vitnisins og ákærða Guðbergs, sem hafi endað með því að hann hætti störfum hjá Boðtækni ehf., liggur

ótvírætt fyrir að það gerðist eftir þá atburðarás sem ákæran nær til. Verður framburður vitnisins metinn trúverðugur en í því sambandi er til þess að líta að hann á sér einnig stoð í öðrum gögnum málsins. Er um það einkum vísað til þess sem fyrr hefur verið rakið um tilvist og efni Excel-skjalsins og þess að upplýsingar sem þar koma fram samræmast efni reikninga Boðtækni ehf. og félags ákærða Rúnars, Unique Chillfresh Iceland ehf. Er um síðastnefnt einnig til þess að líta að fyrir liggur í gögnum málsins að þeir miðar sem voru seldir til Isavia ohf. í júní 2015 og mars 2016 voru ekki dýrari í innkaupum fyrir Boðtækni ehf. en miðar sem félagið seldi skömmu áður á 2,69 krónur fyrir hvern miða. Skýringar ákærðu um hækkun á verði miðanna vegna ólíkrar forprentunar á þá eru í því ljósi metnar ótrúverðugar. Um framangreint er auk þess tekið undir þá niðurstöðu héraðsdóms að skýringar ákærða Rúnars á tilefni útgáfu reikninga Unique Chillfresh Iceland ehf. séu ótrúverðugar en sem fyrr segir kannaðist vitnið A ekkert við að hafa þegið neina ráðgjöf frá honum og liggja engin gögn fyrir um slíka ráðgjöf. Loks er með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms tekið undir þá niðurstöðu að framburður Guðbergs verði í ljósi gagna málsins metinn afar ótrúverðugur.

- 16 Samkvæmt öllu framangreindu en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir sannað svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum að ákærðu hafi, að frumkvæði ákærða Rúnars, haft samráð um að ákærði Rúnar myndi í krafti stöðu sinnar hjá Isavia ohf. sjá til þess að félagið keypti aðgangsmiða af Boðtækni ehf. í júní 2015 og mars 2016 á miklu hærra verði en eðlilegt gat talist fyrir aðgangsmiða í bílastæðahlið félagsins við Keflavíkurflugvöll og að þeir hafi náð samkomulagi um að skipta með sér þeim ávinningi sem náðist á þann hátt sem nánar er tilgreint í ákæru. Telst jafnframt hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærðu hafi gert þetta í auðgunarskyni, sbr. 243. gr. almennra hegningarlaga.
- 17 Í ákæru er framangreint brot ákærðu heimfært undir 249. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr., sbr. 4. mgr. 22. gr. sömu laga að því er varðar hlutdeild ákærða Guðbergs. Svo háttsemin verði heimfærð undir verknaðarlýsingu 249. gr. almennra hegningarlaga þarf að liggja fyrir að ákærði Rúnar hafi verið í aðstöðu til að skuldbinda Isavia ohf. til kaupa á miðunum. Um síðastnefnt er til þess að líta að samkvæmt framburði yfirmanns ákærða Rúnars fyrir héraðsdómi, F, sá ákærði Rúnar um rekstur kerfa tengdum bílastæðum félagsins við Keflavíkurflugvöll. Í skýrslu hennar kemur meðal annars fram að hann hafi haft heimild til að kaupa miða í aðgangshliðin. Hún hafi samþykkt umrædda reikninga Boðtækni ehf. í kjölfar þess að ákærði Rúnar hefði samþykkt þá. Af framburði hennar má ráða að það hafi gerst án þess að ákærði Rúnar hafi verið í einhverjum sérstökum samskiptum við hana vegna þeirra. Hún hafi treyst honum til „að taka góðar ákvarðanir fyrir félagið sem við vorum að vinna saman hjá“. Samkvæmt því liggur fyrir að ákærði Rúnar hafi, óháð innanhússreglum Isavia ohf. um samþykki reikninga, í reynd verið í aðstöðu til að skuldbinda félagið til kaupa á miðunum í umrædd sinn og að hann hafi ekki þurft að beita yfirmann sinn eða aðra hjá Isavia ohf. blekkingum til að koma því til leiðar að

viðskiptin gengu í gegn. Samþykki hans á reikningunum leiddi til þess að Isavia ohf. varð skuldbundið til kaupa á miðunum. Við þá háttsemi misnotaði hann aðstöðu sína hjá félaginu. Verður samkvæmt því fallist á þá niðurstöðu héraðsdóms að háttsemin sé réttilega heimfærð undir 249. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr., sbr. 4. mgr. 22. gr. sömu laga að því er varðar hlutdeild ákærða Guðbergs.

- 18 Samkvæmt öllu framangreindu en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verða ákærðu sakfelldir fyrir brot gegn 249. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr., sbr. 4. mgr. 22. gr. sömu laga.

Fyrsti kafli ákæru – mútugreiðslur

- 19 Í ákæru eru fyrrgreind brot ákærðu jafnframt heimfærð undir 264. gr. a almennra hegningarlaga. Er brot ákærða Guðbergs heimfært undir 1. mgr. þeirrar lagagreinar en brot ákærða Rúnars undir 2. mgr.

- 20 Samkvæmt 1. mgr. 264. gr. a almennra hegningarlaga skal hver sá sem gefur, lofar eða býður manni sem stjórnar innlendu eða erlendu fyrirtæki í atvinnurekstri, þar á meðal fyrirtæki að hluta eða í heild í opinberri eigu, eða innir af hendi störf á vegum þess, gjöf eða annan ávinning sem hann á ekki tilkall til, í þágu hans eða annarra, til að fá hann til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert í bága við starfsskyldur hans sæta fangelsi allt að 5 árum, eða sektum, ef málsbætur eru. Varðaði brotið allt að 3 ára fangelsi er atvik máls þessa áttu sér stað.

- 21 Eins og fyrr hefur verið rakið er fallist á að sönnun liggja fyrir um að það hafi verið ákærði Rúnar en ekki ákærði Guðberg sem hafi átt frumkvæði að umræddu samráði þeirra. Það hafi þannig verið ákærði Rúnar sem hafi fengið meðákærða til að leggja sér lið við að láta Isavia ohf. greiða óeðlilega hátt verð fyrir bílastæðamiðana. Samkvæmt því verður ekki fallist á að það hafi verið ákærði Guðberg sem hafi „fengið“ ákærða Rúnar „til að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert“ með þeim hætti sem lýst er í ákvæðinu. Samkvæmt því verður háttsemi ákærða Guðbergs ekki felld undir verknaðarlýsingu 1. mgr. 264. gr. a almennra hegningarlaga og verður því niðurstaða hins áfrýjaða dóms um að sýkna hann af því broti staðfest.

- 22 Samkvæmt 2. mgr. 264. gr. a almennra hegningarlaga skal maður, sem stjórnar innlendu eða erlendu fyrirtæki í atvinnurekstri, þar á meðal fyrirtæki að hluta eða í heild í opinberri eigu, eða innir af hendi störf á vegum þess, og heimtar, tekur við eða lætur lofa sér eða öðrum gjöfum eða öðrum ávinningi, sem hann á ekki tilkall til, og gerir með því eitthvað eða lætur eitthvað ógert í bága við starfsskyldur sínar, sæta fangelsi allt að 6 árum, eða sektum ef málsbætur eru.

- 23 Sem fyrr greinir hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að ákærði Rúnar hafi misnotað aðstöðu sína hjá Isavia ohf. til að koma því til leiðar að hann öðlaðist ólögmetan ávinning í gegnum félag sitt Unique Chillfresh Iceland ehf. af herra verði bílastæðamiðanna. Verður að líta svo á að með þessari háttsemi, sem áður hefur verið lýst, hafi hann heimtað, tekið við eða látið lofa sér eða öðrum ávinningi, sem hann átti

ekki tilkall til og gerði með því eitthvað sem fól í sér brot gegn starfsskyldum hans hjá Isavia ohf. Samkvæmt því verður háttsemi hans heimfærð undir verknáðarlýsingu 2. mgr. 264. gr. a almennra hegningarlaga eins og krafist er í ákæru. Verður hann því sakfelldur fyrir brot gegn ákvæðinu en við ákvörðun refsingar verður horft til þess að brot gegn því gat eingöngu varðað 3 ára fangelsi er atvik málsins áttu sér stað, sbr. 2. málslíð 1. mgr. 2. gr. almennra hegningarlaga.

Annar kafli ákæru – peningaþvætti

- 24 Í öðrum kafla ákæru er ákærðu gefið að sök peningaþvætti. Ákærða Guðberg fyrir að hafa aflað félagi sínu, Boðtækni ehf., ávinnings af brotum sínum og nýtt þann ávinning, sem megi áætla að hafi numið að minnsta kosti 4.546.790 krónum og ákærða Rúnari með því að hafa, í gegnum félag sitt Unique Chillfresh Iceland ehf., aflað sér og nýtt ávinning að fjárhæð 3.485.250 krónur. Er um brotin vísað til fyrsta kafla ákæru og þau heimfærð undir 1. mgr., sbr. 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga.
- 25 Samkvæmt 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga skal hver sá sem tekur við, nýtir eða aflar sér eða öðrum ávinnings af broti á lögnum eða af refsiverðu broti á öðrum lögum, eða meðal annars umbreytir slíkum ávinningi, flytur hann, sendir, geymir, aðstoðar við afhendingu hans, leynir honum eða upplýsingum um uppruna hans, eðli, staðsetningu eða ráðstöfun ávinnings sæta fangelsi allt að 6 árum. Samkvæmt 2. mgr. sömu lagagreinar skal sá sem framið hefur frumbrot og fremur jafnframt brot samkvæmt 1. mgr. sæta sömu refsingu og þar greinir og gildir þá ákvæði 77. gr. sömu laga eftir því sem við á.
- 26 Sem fyrr greinir hafa ákærðu verið fundnir sekir um umboðssvik og hlutdeild í þeim, með því að afla sér, eða félögum í þeirra eigu, ólögmarks ávinnings við sölu Boðtækni ehf. á bílastæðamiðum til Isavia ohf. í júní 2015 og mars 2016. Eins og rakið er í 12. og 13. málsgrein hér að framan var það gert með útgáfu Boðtækni ehf. á reikningum sem eðli málsins samkvæmt báru ekki með sér í hverju samráð ákærðu var fólgið. Með útgáfu félags í eigu ákærða Rúnars á reikningum til Boðtækni ehf. og greiðslu hins síðarnefnda félags á þeim var jafnframt látið líta út fyrir að um endurgjald fyrir „ráðgjöf“ væri að ræða þegar í reynd var um að ræða greiðslu á hluta ávinnings af brotum ákærðu. Er þessari háttsemi ákærðu lýst í fyrsta kafla ákæru en vísað til hennar í öðrum kafla. Með þessum ráðstöfunum, sem áttu sér stað eftir frumbrotið, reyndu þeir að nýta, flytja og leyna ávinningnum af brotum sínum. Er aðstaðan að þessu leyti ólík því sem hún var í dómum Landsréttar 4. júní 2021 í málum nr. 331, 332 og 333/2020 þar sem brot gegn 1. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga voru talin falla saman við frumbrot og að ekkert lægi fyrir um viðbótarathafnir af hálfu ákærðu en það leiddi til þess að frumbrotin tæmdu sök. Með vísan til framangreinds verður 249. gr. almennra hegningarlaga ekki talin tæma sök gagnvart broti gegn 264. gr. sömu laga eins og atvikum er háttáð og verður því niðurstaða héraðsdóms um að ákærðu

hafi gerst brotlegir við 1. mgr. 264. almennra hegningarlaga, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar, staðfest.

- 27 Niðurstaða hins áfrýjaða dóms um refsingu ákærða Guðbergs og skilorð er staðfest með vísan til forsendna. Að teknu tilliti til þess að ákærði Rúnar er jafnframt sakfelldur fyrir brot gegn 2. mgr. 264. gr. a almennra hegningarlaga, eins og ákvæðið var fyrir gildistöku laga nr. 66/2018, þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin 15 mánaða fangelsi en þar af verði fullnustu 12 mánaða af henni frestað skilorðsbundið og hún felld niður að tveimur árum liðnum, haldi hann almennt skilorð, sbr. 57. gr. almennra hegningarlaga. Að öðru leyti er um refsingu hans og skilorð vísað til forsendna hins áfrýjaða dóms.

Þriðji til fimmti kafli ákæru

- 28 Af hálfu Isavia ohf. er þess krafist að niðurstaða hins áfrýjaða dóms um að ákærðu verði dæmdir óskipt til að greiða félaginu skaðabætur að fjárhæð 8.868.500 krónur auk vaxta og málskostnaðar verði staðfest.
- 29 Þrátt fyrir að málatilbúnaður Isavia ohf. hefði mátt vera skýrari er einkaréttarkrafan var sett fram verður að telja nægilega ljóst að krafan hefur frá upphafi verið á því reist að ákærðu hafi með saknæmum og ólögumætum hætti valdið félaginu tjóni sem þeir séu ábyrgir fyrir á grundvelli almennu sakarreglunnar. Verður því ekki fallist á að forsendur séu til að vísa kröfunni frá vegna vanreifunar.
- 30 Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms er staðfest sú niðurstaða að ákærðu hafi bakað sér óskipta skaðabótaábyrgð gagnvart Isavia ohf. á tjóni sem af háttsemi þeirra hlaust vegna útgáfu Boðtækni ehf. á reikningum til félagsins í júní 2015 og mars 2016. Fyrir liggur að innkaupsverð Boðtækni ehf. á umræddum miðum hækkaði ekki frá því að félagið seldi Isavia ohf. miða á 2,69 krónur fyrir hvern miða í maí 2015. Ólík forprentun á miðana hafði því engin áhrif til hækkunar á innkaupsverði þeirra. Þykir því varlegt að miða við það verð sem eðlilegt verð með álagningu í viðskiptunum sem áttu sér stað í júní 2015 og mars 2016. Mismunur á því verði og verði samkvæmt reikningunum nam samtals 8.258.200 krónum. Kröfugerð Isavia ohf. tekur hins vegar mið af ætluðum ávinningi ákærðu samkvæmt ákæru eða 8.032.040 krónur. Að teknu tilliti til þess að sú fjárhæð er lægri verður fallist á þá niðurstöðu héraðsdóms að ákærðu verði gert að greiða Isavia ohf. þá fjárhæð í skaðabætur. Hins vegar verður ekki fallist á að rök standi til þess að telja til tjónsins virðisaukaskatt sem lagður var á reikninga Unique Chillfresh Iceland ehf. til Boðtækni ehf. Niðurstaða héraðsdóms um upphafstíma vaxta og dráttarvaxta er staðfest.
- 31 Ákvæði héraðsdóms um málskostnað einkaréttarkröfuhafa er staðfest. Að fenginni framangreindri niðurstöðu um bótaskyldu ákærðu verður þeim gert að greiða Isavia ohf. málskostnað fyrir Landsrétti eins og nánar greinir í dómsorði.
- 32 Auk kröfu um að ákærðu verði gerð refsing krefst ákærvaldið þess að nánar tilgreindar eignir þeirra verði gerðar upptækar sem nemur fjárhæð fyrrgreinds ætlaðs

ávinninga þeirra af brotunum. Er niðurstaða hins áfrýjaða dóms um upptöku eigna staðfest með vísan til forsendna að öðru leyti en því að rétt þykir að andvirði upptækra verðmæta verði varið til greiðslu skaðabótakröfu Isavia ohf., sbr. 1. mgr. 69. gr. e almennra hegningarlaga.

33 Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

34 Ákærðu verða dæmdir til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málsvarnarlaun verjenda sinna sem ákveðin eru að meðtöldum virðisaukaskatti eins og nánar greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um refsingu og skilorð ákærða, Guðbergs Þórhallssonar, skal vera óraskað.

Ákærði, Rúnar Már Sigurvinsson, sæti fangelsi í 15 mánuði en fresta skal fullnustu 12 mánaða af refsingu hans og skal sá hluti refsingarinnar falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð.

Ákærðu greiði Isavia ohf. óskipt 8.032.040 krónur, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 4.270.500 krónum frá 30. júní 2015 til 30. mars 2016 en af 8.032.040 krónum frá þeim degi til 5. maí 2019 en dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað til einkaréttarkröfuhafa skal vera óraskað en ákærðu greiði Isavia ohf. óskipt 300.000 krónur í málskostnað fyrir Landsrétti.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku eigna skal vera óraskað að öðru leyti en því að andvirði upptækra verðmæta skal varið til greiðslu skaðabótakröfu Isavia ohf.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærðu greiði hvor um sig áfrýjunarkostnað málsins sem hér segir: Ákærði Rúnar 1.200.000 krónur, sem eru málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Þóris Júlíussonar lögmanns, og ákærði Guðberg 1.500.000 krónur, sem eru málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Vilhjálms Þ. Á. Vilhjálmssonar lögmanns. Annan áfrýjunarkostnað, samtals 145.596 krónur, greiði ákærðu óskipt.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 23. júlí 2020

Mál þetta, sem dómtekið var 16. júní 2020, höfðaði héraðssaksóknari með ákæru 10. október 2019 á hendur ákærðu, Guðberg Þórhallssyni, kt. [...], Lyngholti 1 í Garðabæ, og Rúnari Má Sigurvinssyni, kt. [...], Heiðarbóli 45 í Reykjanessbæ;

„fyrir mútubrot, umboðssvik og peningaþvætti á árunum 2015 og 2016:

I

Á hendur ákærða Guðberg fyrir mútugreiðslur og hlutdeild í umboðssvikum, í störfum hans sem eiganda, stjórnarmanns og framkvæmdastjóra hjá Boðtækni ehf., kt. [...], Selhelli 13 í Hafnarfirði, og á hendur ákærða Rúnari fyrir mútupágu og umboðssvik, í starfi hans sem þjónustustjóra hjá Isavia ohf., kt. [...], sem fól í sér umsjón með bílastæðum félagsins við Keflavíkurlugvöll, á þann hátt að ákærði Guðberg borgaði eða lét borga ákærða Rúnari, án réttmæts tilkalls hans, samtals 3.485.250 krónur, í formi þriggja greiðslna frá Boðtækni ehf. til félags ákærða Rúnars, Unique Chillfresh Iceland ehf., kt. [...], og fékk ákærða Rúnar þannig í tvö skipti til að koma því til leiðar, í bága við starfsskyldur hans, að Isavia ohf. greiddi miklu hærra verð en eðlilegt gat talist fyrir aðgangsmiða í bílastæðahlið sem félagið keypti af Boðtækni ehf., annars vegar í júní 2015 og hins vegar í mars 2016.

Í aðdraganda fyrri viðskiptanna höfðu ákærðu Guðberg og Rúnar samráð um að ákærði Rúnar myndi í krafti stöðu sinnar hjá Isavia ohf. sjá til þess að félagið keypti aðgangsmiðana á hinu óeðlilega háa verði og skyldi ávinningur af því skiptast jafnt milli ákærða Rúnars og Boðtækni ehf. Ákærði Rúnar samþykkti síðar innan Isavia ohf., í báðum neðangreindum viðskiptum, reikninga Boðtækni ehf. til Isavia ohf. vegna miðakaupanna.

Í viðskiptum í júní 2015 keypti Isavia ohf. samtals 760.000 aðgangsmiða af Boðtækni ehf. og greiddi fyrir hvern miða annars vegar 5,5 krónur (45.000 miðar) og hins vegar 8,1 krónu (715.000 miðar). Miðana keypti Boðtækni ehf. af þýskum framleiðanda þeirra á 6,1 evru fyrir hverja 1000 miða eða um 0,91 krónu fyrir hvern miða á þáverandi gengi. Í sama mánuði gaf Unique Chillfresh Iceland ehf. út til Boðtækni ehf. tvo reikninga, dags. 16. og 30. júní 2015, þann fyrri að fjárhæð 1.000.000 krónur auk virðisaukaskatts en hinn að fjárhæð 885.250 krónur auk virðisaukaskatts. Báðir reikningarnir voru áritaðir um að vera fyrir „ráðgjöf“. Boðtækni ehf. greiddi reikningana með bankamillifærslum 6. og 14. júlí 2015.

Í viðskiptum í mars 2016 keypti Isavia ohf. á ný samtals 760.000 aðgangsmiða af Boðtækni ehf. og greiddi fyrir hvern miða 8,3 krónur. Miðana keypti Boðtækni ehf. af þýskum framleiðanda þeirra á 5,9 evrur fyrir hverja 1000 miða eða um 0,83 krónur fyrir hvern miða á þáverandi gengi. Unique Chillfresh Iceland ehf. gaf svo út til Boðtækni ehf. reikning, dags. 4. apríl s.á., að fjárhæð 1.600.000 krónur auk virðisaukaskatts. Reikningurinn var áritaður um að vera fyrir „ráðgjöf“. Boðtækni ehf. greiddi hann samdægurs með bankamillifærslu.

Fyrrgreindir þrír reikningar Unique Chillfresh Iceland ehf. til Boðtækni ehf. byggðust ekki á raunverulegum lögmatum viðskiptum milli félaganna heldur voru þeir einungis yfirvarp fyrir mútugreiðslur til ákærða Rúnars að áður nefndri fjárhæð, 3.485.250 krónur, sem er samanlögð fjárhæð reikninganna þriggja fyrir utan virðisaukaskatt. Eftirstöðvar ávinnings af brotum ákærðu má samanlagt áætla að minnsta kosti um 4.546.790 krónur og urðu þær eftir hjá Boðtækni ehf.

Brot ákærða Guðbergs teljast varða við 1. mgr. 264. gr. gr. a. og 249. gr., sbr. 1. og 4. mgr. 22. gr., almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Brot ákærða Rúnars teljast varða við 249. gr. og 2. mgr. 264. gr. a. sömu laga.

II

A

Á hendur ákærða Guðbergi fyrir peningþvætti með því að hafa aflað félagi sínu Boðtækni ehf. ávinnings af brotum sínum og ákærða Rúnars samkvæmt ákærukafla I og nýtt þann ávinning, sem má áætla að minnsta kosti um 4.546.790 krónur, í rekstri félagsins.

B

Á hendur ákærða Rúnari fyrir peningþvætti með því að hafa í gegnum félag sitt Unique Chillfresh Iceland ehf., með þeim hætti sem lýst er í ákærukafla I, aflað og nýtt sér ávinning að fjárhæð 3.485.250 krónur af brotum samkvæmt ákærukafla I.

Þessi brot ákærðu teljast varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr., 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

IV

Upptökukröfur

Krafist er upptöku á eftirfarandi eignum ákærðu eftir ákvæðum VII. kafla A. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. einkum 69. gr. og 1. mgr. 69. gr. b.:

A

Ákærði Guðberg sæti upptöku á 4.546.790 krónum sem teljast hluti af andvirði eignarhluta hans í fasteigninni Lyngholti 1 í Garðabæ, fnr. [...].

B

Ákærði Rúnar sæti upptöku á 3.485.250 krónum sem teljast hluti af andvirði eignarhluta hans í fasteigninni Heiðarbóli 45 í Reykjanesbæ, fnr. [...].“

Af hálfu Isavia ohf., kt. [...], er þess krafist í málinu að ákærðu verði dæmdir til greiðslu skaðabóta in solidum, samtals að fjárhæð 8.868.500 krónur, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 4.270.500 krónum frá tjónsdegi 30. júní 2015 og af 4.598.000 krónum frá tjónsdegi 30. mars 2016 þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar. Krafist er dráttarvaxta af heildarfjárhæðinni samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga að liðnum mánuði frá birtingu kröfunnar til greiðsludags. Þá er þess krafist að ákærðu greiði Isavia ohf. málskostnað að mati dómsins.

Kröfur ákærðu:

Í málinu gera ákærðu aðallega þær kröfur að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum ákæruvalds. Til vara krefjast ákærðu vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefjast ákærðu þess að upptökukröfum ákæruvalds verði hafnað. Hvað einkaréttarkröfu Isavia ohf. varðar krefjast ákærðu þess aðallega að kröfunni verði vísað frá dómi, til vara krefjast ákærðu sýknu af kröfunni en til þrautavara að krafan verði lækkuð. Þá krefjast ákærðu þess að allur sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð, þar með talin þóknun til handa skipuðum verjendum.

1

Með bréfi 25. júlí 2017 kærði Isavia ohf. ákærða Rúnar Má og „ótilgreinda forsvarsmenn Boðtækni ehf.“, til héraðssaksóknara vegna meintrar refsiverðrar háttsemi sem valdið hefði félaginu 15.184.900 króna tjóni. Í bréfinu var til þess vísað að 29. júní 2017 hefði [...] Isavia ohf. borist tölvupóstur frá A, fyrrverandi starfsmanni Boðtækni ehf., þar sem fram hefðu komið alvarlegar ásakanir á hendur því félagi og ákærða Rúnar Má. Fylgdi tölvupósturinn kærubréfi Isavia ohf. ásamt ýmsum öðrum gögnum, þar með talið útreikningi félagsins á tjóni þess vegna hinnar meintu refsiverðu háttsemi.

Í tilvitnuðu kærubréfi Isavia ohf. kom fram að ákærði Rúnar Már hefði starfað sem þjónustustjóri hjá Isavia ohf. frá 11. mars 2014 til 19. apríl 2016. Ákærði hefði séð um „Airport Parking“, bílastæði við Keflavíkurflugvöll, og meðal annars haft það hlutverk að panta miða í aðgangshlið að bílastæðunum. Þegar ákærði hefði hafið störf hjá Isavia ohf. hefðu miðar verið keyptir af norsku fyrirtæki, K, og hafi verið fyrir hvern miða numið 3,70 til 4,69 krónum, allt eftir gengi gjaldmiðla hverju sinni. Í maí 2015 hefði ákærði Rúnar Már ákveðið að panta miða frá Boðtækni ehf. í stað norsku miðanna. Hann hefði gefið yfirmanni sínum þær skýringar að miðarnir frá Boðtækni ehf. væru á betra verði en miðar norska fyrirtækisins. Í fyrstu hefði ákærði pantað 120.000 miða frá Boðtækni ehf. og fengið þá á 2,69 krónur miðann. Skömmu síðar, eða hinn 16. júní 2015, hefði ákærði Rúnar Már pantað 760.000 miða til viðbótar frá Boðtækni ehf., en þá á 8,10 krónur hvern miða. Í bréfi Isavia ohf. var því haldið fram að þessa miklu hækkun mætti rekja til samráðs ákærða og Boðtækni ehf., til hagsbóta fyrir báða þá aðila, sem valdið hefði Isavia ohf. umtalsverðu fjárhagslegu tjóni. Ákærði hefði síðan pantað 760.000 miða 16. mars 2016 og þá hefði verið fyrir hvern miða numið 8,30 krónum. Þá var til þess vísað að auk allt of hás miðaverðs hefði ákærði Rúnar Már pantað umtalsvert fleiri miða en þörf hefði verið á.

Í kæru Isavia ohf. sagði enn fremur að samkvæmt tölvupósti A hefðu ákærði Rúnar Már og Boðtækni ehf. skipt með sér ágóðanum af samráðinu og hefðu þær fjárhæðir sem ákærði Rúnar Már fékk greiddar verið lagðar inn á reikning félags í hans eigu.

Héraðssaksóknari tók málið til rannsóknar og aflaði gagna um þau félög sem vísað var til í kæru Isavia ohf., svo sem vottorðs frá fyrirtækjaskrá RSK, stofngagna og samþykktu félaganna og skattframtala þeirra. Einnig var aflað gagna frá bankastofnunum varðandi félögin og ákærðu. Þá aflaði héraðssaksóknari

þeirra reikninga er vörðudu fyrrgreind miðakaup. Enn fremur lagði lögregla hald á tölvupóstsamskipti ákærðu og áður nefnds A, bæði innbyrðis og við aðila er miðakaupunum tengdust.

Héraðssaksóknari framkvæmdi leit í húsakynnum Boðtækni ehf. að Selhelli 13 í Hafnarfirði 27. ágúst 2018 á grundvelli úrskurðar Héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 23. sama mánaðar. Við leitina fannst í möppu merktri Isavia, undir möppu merktri viðskiptamenn, Excel-skjal sem bar yfirskriftina „Verð.xlsx“. Samkvæmt upplýsingum um skjalið í tölvukerfinu var það stofnað 16. júní 2015 og síðast vistað og prentað 14. júlí 2015. Er nánar að þessu skjali vikið í köflum 2-4 hér á eftir.

Skýrslur voru teknar af ákærða Rúnari Má undir rannsókn málsins 27. ágúst 2018 og 28. mars 2019. Við fyrri skýrslutökuna tjáði ákærði sig lítið sem ekkert um sakargiftir. Við síðari skýrslutökuna neitaði hann því að hafa brotið af sér með þeim hætti sem honum væri gefið að sök í kærú Isavia ohf. Sagði hann A vera mann í hefndarhug sem í framburði sínum í málinu sneri öllum atvikum þess á hvolf.

Ákærði Guðberg gaf skýrslu 27. ágúst 2018 og að nýju 5. apríl 2019. Neitaði hann alfarið sök og sagði viðskipti Boðtækni ehf. við Isavia ohf. hafa verið hefðbundin og eðlileg viðskipti. Samskipti vegna viðskiptanna hefðu verið á milli meðákærða og A og ákærði lítið komið að þeim.

Við rannsókn héraðssaksóknara voru jafnframt teknar skýrslur af B, [...], 27. ágúst 2018 og 5. apríl 2019. Hafði B í báðum tilvikum stöðu sakbornings. Neitaði hún allri aðkomu að málinu.

Þá voru undir rannsókn málsins teknar tvær skýrslur vitnis af A. Við skýrslugjöf sína hélt A fast við upphaflega frásögn sína um þá háttsemi sem lýst var í tölvupósti hans til Isavia ohf. 29. júní 2017.

2

Framburður ákærða Guðbergs fyrir dómi:

Við þingfestingu málsins 2. desember 2019 neitaði ákærði Guðberg sök samkvæmt báðum köflum ákærunnar. Við aðalmeðferð málsins árétaði ákærði þá afstöðu sína.

Í skýrslu sinni fyrir dómi kvaðst ákærði hafa verið framkvæmdastjóri, eigandi og stjórnarmaður í Boðtækni ehf. frá árinu 2002. Samstarf sitt og A sagði ákærði hafa verið mjög gott. A hefði hafið störf hjá Boðtækni ehf. í byrjun árs 2015. Áður en A réð sig til félagsins hefði ákærði þekkt til hans og vitað af stöfum hans tengdum sjávarútvegi. Í starfi sínu hjá Boðtækni ehf. hefði A haft mikið sjálfræði og hann haft heimild til þess að semja um verð við viðskiptavinum félagsins.

Ákærði kvaðst snemma árs 2015 hafa fengið veður af þreifingum á milli A og meðákærða Rúnars Mús varðandi möguleg kaup Isavia ohf. á miðum af Boðtækni ehf. í aðgangshlið að bílastæðum Isavia ohf. við Keflavíkurflugvöll. Spurður um hvort hann hefði þekkt efnislega til þess verðtilboðs sem A hefði sent meðákærða 23. mars 2015 kvað ákærði svo ekki hafa verið. Hann hefði vitað af þessum þreifingum og þekkt innkaupsverð miðanna frá Tékklandi en ekki efni tilboðsins sem A sendi. Það hefði verið á milli hans og meðákærða. Áður en salan á miðunum kom til sagði ákærði Isavia ohf. hafa verið búíð að kaupa rafbúnað af Boðtækni ehf. árum saman.

Aðspurður sagði ákærði álagningu Boðtækni ehf. á vörum og þjónustu hafa verið mjög breytilega, allt frá því að vera neikvæð „... og upp í plús eitthvað.“ Nefndi ákærði í dæmaskyni 20%, 100%, 120%, 150% álagningu. Kom fram hjá ákærða að gengismunur gæti í einhverjum tilvikum leitt til þess að félagið tapaði á sölu.

Ákærði sagði í ljós hafa komið að miðarnir frá tékkneska birgjanum gengu ekki í miðavélar Isavia ohf. A hefði þá leitað eftir öðrum miðaðframleiðanda og komist í samband við þýskt félag, L. Samskiptin við þann aðila hefði A séð um. Ákærði hefði einungis komið að málinu varðandi kostnað við sendingu miðanna hingað til lands. Reikninga vegna kaupa á miðunum kvaðst ákærði telja að hann hefði mótttekið, skráð þá í kerfi Boðtækni ehf. og samþykkt þá fyrir hönd félagsins.

Ákærði sagðist bóka alla reikninga hjá Boðtækni ehf. og senda þá út. Ákærði sagði bókunardagsetningu í því kerfi sem félagið noti vera hægt að færa handvirk. Ákvörðun um það verð sem Isavia ohf. hefði greitt fyrir miðana sem Boðtækni ehf. seldi félaginu sagði ákærði A og meðákærða hafa samið um. Hvernig það verð var ákveðið kvaðst ákærði ekki geta um borið.

Ákærði sagðist engin samskipti hafa haft við meðákærða. Ákærði hefði einu sinni rekist á hann í húsakynnum Boðtækni ehf. Meðákærði hefði þá verið að koma inn en ákærði að fara út. Ákærði hefði

kastað á hann kveðju og þeir spjallað saman í 2-3 mínútur. Þvertók ákærði fyrir að hafa nokkru sinni fundað með meðákærða í húsakynnum Boðtækni ehf. og rætt við hann að A og B, [...], viðstöddum.

Excel-skjal sem lögregla fann við leit í húsnæði Boðtækni ehf., með yfirskriftina „Verð.xlsx“ og ber með sér að hafa verið stofnað 16. júní 2015, kvaðst ákærði ekkert kannast við. Hann þekki ekkert til þessa skjals eða efni þess. Ákærði kvaðst engar skýringar geta gefið á því af hverju skjal þessa efnis var að finna í tölvukerfi Boðtækni ehf. Sérstaklega aðspurður sagði ákærði að A hefði ekki fengið greiddar þær 500.000 krónur frá Boðtækni ehf. sem fram kæmu í þessu skjali. A hefði einungis fengið greidd laun frá Boðtækni ehf. og væru til launaseðlar fyrir þeim greiðslum.

Ákærði sagðist ekki hafa vitað af því að í byrjun mars 2016 hefði staðið til að panta aftur miða frá L, líkt og fram kæmi í tölvupósti A til meðákærða 3. mars 2016. Ákærði sagðist þó muna eftir umræðu um að breyta mögulega um miða og kaupa miða sem hægt væri að prenta á auglýsingar. Miðað við fyrirbyggjandi tölvupóstsamskipti hefði hann þó líklegast vitað af þessari nýju pöntun. Verðið fyrir nýju miðana til Isavia ohf. kvað ákærði hafa verið verðið sem „var í gangi“.

Reikninga Unique Chillfresh Iceland ehf. til Boðtækni ehf. kvaðst ákærði ekki hafa séð fyrr en eftir að Isavia ohf. lagði fram kærú í málinu. Reikningana sagði ákærði vera vegna ráðgjafar meðákærða fyrir Íslandsfisk. Ráðgjöfin hefði verið veitt varðandi framleiðslu og sölu fiskafurða úr landi. Þá starfsemi sagði ákærði hafa hafist með atbeina A á árinu 2015 og hefði það verið A sem bað meðákærða um ráðgjöfina. Hugmyndina að fiskútflutningi til Tékklands sagði ákærði fyrst hafa kviknað hjá sér þegar hann var þar staddur í kringum 2009. Ákærði kvaðst hafa vitað af því á sínum tíma að Boðtækni ehf. var að kaupa ráðgjöf, en ekki að hún væri fengin frá meðákærða. Ákærði sagði A hafa fengið frjálssar hendur við það að setja starfsemi Íslandsfisks á fót. Sú vinna hefði skilað árangri og útflutningur á fiski verið kominn af stað á vegum Íslandsfisks haustið 2016. Starfsemin hefði farið vaxandi allt þangað til í apríl 2017 er hún hefði hrunið þegar A „... sveik okkur 2017 og fór með allt draslið í burtu.“ Reikninga Unique Chillfresh Iceland ehf. kvað ákærði B hafa greitt fyrir hönd Boðtækni ehf.

Aðspurður sagðist ákærði dagana 15.-17. júní 2017 hafa verið í fríi ásamt [...], B, í sumarbústað á Suðurlandi. Þar hefðu einnig verið stödd C, [...], og D, [...], auk [...].

Framburður ákærða Rúnars Márs fyrir dómi:

Við þingfestingu málsins 2. desember 2019 neitaði ákærði Rúnar Már sök samkvæmt báðum köflum ákærunnar. Við aðalmeðferð málsins áréttaði ákærði þá afstöðu sína.

Í skýrslu sinni fyrir dómi staðfesti ákærði að hann hefði verið, og væri enn, stjórnarmaður og framkvæmdastjóri Unique Chillfresh Iceland ehf.

Ákærði sagði þá A hafa þekkt frá því ákærði réð A sem vinnslustjóra hjá fiskvinnslu sem ákærði rak í [...]. Meðákærða Guðberg kvaðst ákærði ekkert þekkja og einungis hafa hitt hann stuttlega einu sinni á starfsstöð Boðtækni ehf. þegar ákærði hefði verið á leið til fundar við A. Um hefði verið að ræða stuttan fund. Fundarefnið sagðist ákærði ekki muna með vissu en líklega hefðu þeir verið að fara yfir „einhver sjávarútvegsmál“.

Ákærði kvaðst hafa starfað sem þjónustustjóri hjá Isavia ohf. og haft umsjón með bílastæðum á vegum Isavia ohf. Hann hefði meðal annars séð um að manna vaktir við bílastæðin o.fl.

Verðið sem Isavia ohf. greiddi fyrir 60.000 einfalda hvíta miða, sem ákærði pantaði fyrir hönd félagsins hjá Boðtækni ehf. 7. apríl 2015, kvað hann hafa verið ásætlanlegt fyrir Isavia ohf. Verðið hefði verið lægra en það verð sem Isavia ohf. hefði greitt fyrir þá miða sem það notaði áður. Þegar miðarnir hefðu borist hefði hins vegar komið í ljós að þeir voru ekki nægjanlega góðir. Pappírinn í þeim hefði verið of þunnur og því hefðu þeir ekki virkað í tækin. Ákærði hefði upplýst A um þá niðurstöðu og í kjölfarið hefði A fundið betri miða hjá öðrum aðila og hefði Isavia ohf. pantað þá miða. Þeir miðar hefðu verið á sambærilegu verði og Isavia ohf. hefði áður verið að greiða. Ákærði sagðist aldrei hafa rætt verð á þeim miðum sem Isavia ohf. keypti af Boðtækni ehf. við ákærða Guðberg.

Ákærði kvaðst hafa verið í sambandi við þáverandi yfirmann sinn, E, í tengslum við fyrstu miðakaupin af Boðtækni ehf. Honum hefði verið kynnt að um lægra verð væri að ræða en áður. Síðari miðakaup hefðu einnig verið rædd innan Isavia ohf., meðal annars sá möguleiki að á nýju miðana mætti

prenta auglýsingar og vörumerki. Ákærði minntist þess þó ekki að hafa sérstaklega rætt verið miðanna sem komu frá L við yfirmann sinn, F. Þá miða sem komu í síðari sendingunum sagði ákærði hafa verið allt aðra að gæðum en fyrri miðana. Þá hefðu þeir miðar sem síðast komu verið forprentaðir með vörumerki (logo) og þá hefði verið sá möguleiki að prenta á miðana auglýsingar.

Excel-skjal sem lögregla fann við leit í húsnaði Boðtækni ehf., með yfirskriftina „Verð.xlsx“ og ber með sér að hafa verið stofnað 16. júní 2015, kvaðst ákærði ekki hafa útbúið og ekkert kannast við. Ákærði sagðist ekkert geta tjáð sig um það sem fram kæmi í skjalinu. Hann hefði fyrst séð skjalið eftir að mál þetta kom upp.

Ákærði staðfesti að hann hefði samþykkt reikninga Boðtækni ehf. fyrir kaupum Isavia ohf. á miðum í aðgangshlið að bílastæðum Isavia ohf. við Keflavíkurflugvöll í kerfum Isavia ohf. Reikningana sagði ákærði hafa verið miklum mun hærri en þá reikninga sem hann hefði að jafnaði verið að samþykkja. Taldi ákærði að hann hefði einn og sér ekki haft leyfi til þess að samþykkja viðskipti af þessari stærðargráðu fyrir Isavia ohf. Vísaði ákærði til þess að eftir að hann hefði samþykkt reikninga í kerfum Isavia ohf., „í línu“ sem kallað sé, hefði yfirmaður hans þurft að samþykkja þá einnig, „í haus“.

Reikninga Unique Chillfresh Iceland ehf. til Boðtækni ehf., dagsetta 16. júní 2015, 30. júní 2015 og 4. apríl 2016, taldi ákærði aðspurður hafa verið útbúna af sér. Þeir hefðu allir verið sendir Boðtækni ehf. og kvaðst ákærði ekki vita til þess að félagið hefði gert athugasemdir við þá. Reikningana sagði ákærði hafa verið gerða vegna ráðgjafar sem hann hefði veitt tengda sjávarútvegi en ákærði væri búinn að vera tengdur sjávarútvegi í áratugi. A hefði óskað eftir ráðgjöfinni fyrir hönd Boðtækni ehf. en hún hefði verið í þágu félags, Íslandsfisks, sem þá var verið að stofna á vegum Boðtækni ehf. Ráðgjöfin hefði verið veitt A en mestmegnis hefði verið um „tengingar“ að ræða en einnig aðstoð við gæða- og vottunarmál. Ákærði hefði tengt Íslandsfisk/Boðtækni ehf. við aðila í sjávarútvegi hér á landi, framleiðendur fiskafurða, sem ákærði hefði þekkt. Ákærði hefði meðal annars rætt við G hjá [...] í því sambandi. Ákærði sagði tengsl vera lyklatríði í þessum bransa, bæði við framleiðendur hér heima og kaupendur erlendis. Ákærði kvaðst hafa haft samþykki frá yfirmanni sínum hjá Isavia ohf. til þess að sinna þessum ráðgjafarstörfum samhliða vinnu sinni hjá félaginu.

Ákærði bar að hann hefði verið í talsverðu sambandi við A eftir að A sendi Isavia ohf. tölvupóst 29. júní 2017, sem ákærða hefði á þeim tíma ekki verið kunnugt um, en í póstinum hefði A haft uppi ásakanir um gerð tilhæfulausra reikninga og mútugreiðslur. Þeir hefðu fundað margítrekað og unnið að því að koma samstarfi á milli aðila sem A hafi þá verið farinn að starfa hjá og reksturs sem ákærði og félagi hans hefðu verið að koma á fót. A hefði í raun dregið ákærða á asnaeyrunum á þessum tíma. Ákærði hefði stofnað til skuldbindinga vegna reksturs sem síðan hefði ekkert orðið úr þar sem A hefði ekki komið fram af heilindum.

Ástæðu þess að ákærði kaus að svara því sem næst engum þeirra spurninga sem lögregla lagði fyrir hann þegar fyrst var tekin skýrsla af honum vegna málsins sagði ákærði þá að hann hefði fyrst viljað kynna sér þau gögn sem fyrir lægju. Vegna þeirrar reynslu sem ákærði hefði búið yfir vegna starfa sinna tímabundið í lögreglunni hefði hann talið réttast að vita um hvað málið snerist áður en hann svaraði spurningum lögreglu.

3

A staðfesti fyrir dómi að hann hefði sent tölvupóst til Isavia ohf. 29. júní 2017. Vitninu hefði fundist að félagið ætti að vita af þeim atvikum sem í póstinum væri lýst en þau hefðu lengi verið búin að valda vitninu hugarangri. Vitnið hefði verið ósátt við það sem þarna gerðist. Starfslok sín skömmu áður hjá Boðtækni ehf. og málaferli þeim tengd sagði vitnið hvorki hafa haft áhrif á þá ákvörðun sína að senda tölvupóstinn né efni hans. Það að tilvitnaður tölvupóstur hefði verið sendur Isavia ohf. daginn eftir að þingfest var skaðabótamál Boðtækni ehf. á hendur vitninu sagði vitnið vera tilviljun.

Upphafid sagði vitnið mega rekja til þess að það hefði sent ákærða Rúnari Má tölvupóst og spurt hvort það mætti fyrir hönd Boðtækni ehf. gera tilboð í miða í aðgangshlið að bílastæðum Isavia ohf. við Keflavíkurflugvöll. Verðupplýsingar sem vitnið hefði sent til ákærða Rúnars Mús í tölvupósti 23. mars 2015 sagðist vitnið hafa fengið frá ákærða Guðberg. Á þeim tíma hefði ákærði Guðberg séð um öll samskipti við framleiðanda miðanna, M í Tékklandi. Kvaðst vitnið telja að uppgefið verð í póstinum hefði

verið raunhæft en um hefði verið að ræða verð með álagningu. Vitnið nefndi að 60-80% álagning hefði verið algeng hjá Boðtækni ehf. og þá hefði allt að 150% álagning þekkt í tilvikum þar sem um lítið upplag hefði verið að ræða.

Í ljós hefði komið að tékknesku miðarnir voru ekki nothæfir í vélar Isavia ohf. Þegar það hefði legið fyrir hefði vitnið leitað eftir öðrum framleiðanda miða í vélarnar. Vitnið hefði í framhaldinu sett sig í samband við L í Þýskalandi. Staðfesti vitnið að 12. júní 2015 hefði það fengið verðtilboð frá þýska félaginu. Fullyrti vitnið að ákærði Guðberg hefði einnig fengið þær upplýsingar. Miða þýska félagsins sagði vitnið ekki hafa verið dýrari í innkaupum en miða tékkneska félagsins. Verðið hefði verið lægra ef eitthvað var. Vitnið hefði í kjölfarið sent ákærða Rúnari Má tölvupóst og upplýst hann um að Boðtækni ehf. gæti boðið nýja miða á sama verði. Ákærði Rúnar Már hefði þá hringt í vitnið og reifað tillögu um það að hann myndi fyrir hönd Isavia ohf. samþykkja mun hærra verð en vitnið legði til gegn því að ákærði Rúnar Már fengi til sín hluta af því verði sem Isavia ohf. myndi greiða. Vitnið hefði brugðist við þessari tillögu með því að vísa Rúnari Má á ákærða Guðberg. Í kjölfarið hefði ákærði Rúnar Már komið og hitt meðákærða að vitninu og B viðstöddum. Taldi vitnið að sá fundur hefði átt sér stað í júní 2015. Við það tækifæri hefði komið fram hjá ákærða Rúnari Má að hann teldi sig geta réttætt vissa álagningu í krónum talið. Á fundinum hefðu jafnframt verið reifaðar hugmyndir um það hvernig skipta skyldi ágóðanum á mismuninum á innkaupsverði miðanna og söluverði þeirra til Isavia ohf. Þegar vitnið hefði verið að fylgja ákærða Rúnari Má út eftir fundinn með ákærða Guðberg og konu hans hefði Rúnar Már tjáð vitninu að hann hefði lagt til við þau að vitnið fengi 500.000 krónur af mismuni innkaupsverðs og söluverðs miðanna í sinn hlut. Tók vitnið fram að það hefði aldrei farið fram á slíka greiðslu, hvað þá þegið hana.

Boðtækni ehf. hefði í framhaldinu keypt miða af þýska félaginu og kannaðist vitnið við reikninga vegna þeirra kaupa, dagsetta 12. og 18. júní 2015, þegar þeir voru bornir undir það fyrir dómi. Vitnið bar að þá reikninga hefðu annaðhvort ákærði Guðberg eða B samþykkt, líkt og alla aðra reikninga sem Boðtækni ehf. greiddi. Reikning vegna sölu miða til Isavia ohf. í framhaldinu, með gjalddaga 30. júní 2015, fullyrti vitnið að það hefði ekki sett upp og taldi vitnið að það hefði ákærði Guðberg gert. Vitnið sagði vinnufyrirkomulagið hjá Boðtækni almennt hafa verið það að vitnið hefði sett reikninga til fastra viðskiptavina upp í tölvukerfi félagsins. Ákærði Guðberg og B hefðu hins vegar alfarið séð um að bóka reikningana og senda þá út. Bókunardagsetningu þá sem fram komi á reikningunum sagði vitnið hafa verið slegna handvirkt inn í kerfið.

Fyrir dómi var Excel-skjal sem lögregla fann við leit í tölvukerfi Boðtækni ehf. og ber yfirskriftina „Verð.xlsx“, stofnað 16. júní 2015, borið undir vitnið. Vitnið neitaði að hafa útbúið skjalið og kvaðst ekkert kannast við það. Vitnið hefði fyrst séð skjalið eftir að mál þetta kom upp. Hver það hefði verið sem útbjó skjalið kvaðst vitnið ekki geta um borið. Verð sem fram komi í dálki E3 í skjalinu, 2,25 krónur, taldi vitnið vera nærri eðlilegu útsöluverði miða í aðgangshliðin.

Vitnið sagði ákærða Guðberg hafa verið fullkunnugt um pöntun á fleiri miðum frá L í mars 2016. Verð til Isavia ohf., sem fram kæmi í tölvupósti ákærða Guðbergs til vitnisins 16. mars 2016, kvað vitnið ákærðu hafa ákveðið í sameiningu. Vitnið hefði hins vegar ekkert komið að þeirri ákvörðun. Í kjölfarið hefði Isavia ohf. pantað 750.000 miða frá Boðtækni ehf. Ákærði Guðberg hefði gefið út og sent tvo reikninga vegna þeirrar pöntunar. Annar reikningurinn hefði verið vegna 10.000 miða sem komið hefði til vegna þess að þýska félagið hefði einungis getað framleitt miðana í 20.000 miða einingum og því hefðu verið keyptir 10.000 fleiri miðar en fyrst hefði verið áformað.

Reikninga Unique Chillfresh Iceland ehf. til Boðtækni ehf., dagsetta 16. júní 2015, 30. júní 2015 og 4. apríl 2016, kvaðst vitnið ekki hafa móttengið fyrir hönd Boðtækni ehf. Vitnið sagðist ekkert vita um meðferð reikninganna innan Boðtækni ehf. eða greiðslu þeirra. Aðspurt kannaðist vitnið ekki við að hafa, fyrir hönd Boðtækni ehf., þegið þá ráðgjöf sem reikningarnir vísuðu til. Vitnið sagðist aldrei í starfi sínu hjá Boðtækni ehf. hafa beðið um eða fengið ráðgjöf frá ákærða Rúnari Má. Vitnið hefði þvert á móti vitað að reikningar frá Unique Chillfresh Iceland ehf. yrðu notaðir til þess að greiða ákærða Rúnari Má hlutdeild hans í afrakstrinum af samráði ákærðu.

Fram kom hjá vitninu að hugmynd um fisksölu á vegum Boðtækni ehf. og þeirra er að því félagi stóðu hefði komið upp eftir ferð sem farin hefði verið til Tékklands í apríl 2016. Á árinu 2015 hefði því ekkert verið komið af stað varðandi sjávarútvegstengda starfsemi hjá eða á vegum Boðtækni ehf.

Vitnið kannaðist aðspurt við að hafa, eftir að það sendi áður nefndan tölvupóst til Isavia ohf. 29. júní 2015, verið í samskiptum við ákærða Rúnar Mára fyrir hönd þáverandi vinnuveitanda síns, [...], vegna mögulegra framtíðar viðskipta, sem ekkert hefði síðan orðið úr.

F kvaðst hafa gegnt starfi [...] hjá Isavia ohf. á árunum 2015 og 2016 og hefði ákærði Rúnar Mára heyrt undir vitnið. Reikninga sem Isavia ohf. bárust sagði vitnið hafa verið meðhöndlaða þannig að fyrst hefðu þeir farið til þess starfsmanns sem stofnaði til innkaupanna. Sá starfsmaður hefði verið „skráður í línu“ eins og það sé kallað. Yfirmaður viðkomandi staðfesti síðan „í haus“ að heimild væri til staðar fyrir upphæðinni.

Fyrir dómi voru borin undir vitnið skjáskot úr kerfi Isavia ohf. af þeim þremur reikningum sem ákæra málsins tekur til og afgreiðslu þeirra. Staðfesti vitnið að skjölin bæru með sér að það hefði samþykkt reikningana „í haus“ eftir að ákærði Rúnar Mára hafði samþykkt þá „í línu“. Vitnið tók fram að það myndi ekki sérstaklega eftir samþykkt reikninganna. Vitnið kvaðst ekki hafa getað samþykkt reikningana í kerfi Isavia ohf. fyrr en ákærði Rúnar Mára hafði samþykkt þá í kerfinu.

Vitnið sagði ákærða hafa haft heimild til þess að kaupa miða í aðgangshlið að bílastæðum félagsins. Hann hefði átt að sjá um rekstur kerfanna. Það hefði hins vegar verið vitnisins að tryggja að heimild væri til staðar og rúmaðist innan rekstraráætlunar félagsins. Fram kom hjá vitninu að innkaupareglum Isavia ohf. hefði ekki verið fylgt nægjanlega vel eftir á því tímabili sem ákæra málsins taki til.

Vitnið bar að áður en viðskiptin við Boðtækni ehf. komust á hefði ákærði Rúnar Mára komið til vitnisins og tilkynnt að hann væri búinn að finna íslenskan aðila sem gæti séð Isavia ohf. fyrir miðum á ódýrari hátt en áður. Í kjölfarið hefði vitnið heimilað honum að færa miðakaupin til Boðtækni ehf. Rak vitnið minni til þess að þegar fyrsti reikningurinn frá Boðtækni ehf. hefði borist hefði það kannað hvort kjörin væru í samræmi við tilvitnuð orð ákærða.

Vitnið staðfesti að starfsmenn Isavia ohf. hefðu þurft skriflegt samþykki frá félaginu fyrir því að gegna öðrum störfum samhliða störfum sínum fyrir félagið. Vitnið kvað ákærða Rúnar Mára ekki hafa upplýst Isavia ohf. um nein slík störf. Sagðist vitnið enga vitneskju hafa haft um félag hans, Unique Chillfresh Iceland ehf.

H bar fyrir dómi að hann hefði verið [...] Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar er atvik máls gerðust og hefði bílastæðaþjónustan við flugstöðina heyrt undir [...]. Aðspurt kvaðst vitnið ekki hafa haft vitneskju um að ákærði Rúnar Mára gegndi öðrum störfum samhliða starfi sínu hjá Isavia ohf. Ákærði hefði aldrei óskað eftir samþykki félagsins fyrir slíku. Þá kvaðst vitnið aðspurt enga vitneskju hafa haft um félag ákærða Rúnars Márs, Unique Chillfresh Iceland ehf.

Fram kom hjá vitninu að þá reikninga Boðtækni ehf. sem verið hefðu yfir 5.000.000 króna hefði borið leggja fyrir sviðsfund til samþykktar samkvæmt innkaupa- og samþykkisreglum. Í umræddum tilvikum hefði það hins vegar ekki verið gert vegna mistaka hjá [...] sem samþykkt hefði reikningana án þess að þeir væru áður teknir fyrir á sviðsfundi. Því til skýringar vísaði ákærði til þess að þarna hefði orðið sú breyting að miðarnir voru keyptir í miklu stærra upplagi. Áður hefðu miðarnir komið oftar og í smærri sendingum.

Fyrir dóminn komu einnig og gáfu skýrslu vitnis I, G, D og J, en ekki þykir þörf á að reifa framburð þeirra sérstaklega. Þá kom [...], B, einnig fyrir dóminn, en hún skoraðist undan skýrslugjöf í málinu vegna nefndra tengsla við ákærða, sbr. ákvæði a-liðar 1. mgr. 117. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

4

Ákærufafli I:

Í fyrri kafla ákærunnar eru ákærða Guðbergi gefnar að sök mútugreiðslur og hlutdeild í umboðssvikum, í störfum hans sem eiganda, stjórnarmanns og framkvæmdastjóra hjá Boðtækni ehf., og

ákærða Rúnari Má mútubága og umboðssvik, í starfi hans sem þjónustustjóra hjá Isavia ohf., sem falið hafi í sér umsjón með bílastæðum félagsins við Keflavíkurflugvöll, á þann hátt að ákærði Guðberg hafi borgað eða látið borga ákærða Rúnari Má, án réttmæts tilkalls hans, samtals 3.485.250 krónur, í formi þriggja greiðslna frá Boðtækni ehf. til félags ákærða Rúnars, Unique Chillfresh Iceland ehf., og fengið ákærða Rúnar þannig í tvö skipti til að koma því til leiðar, í bága við starfsskyldur hans, að Isavia ohf. greiddi miklu hærra verð en eðlilegt gat talist fyrir aðgangsmiða í bílastæðahlið sem félagið keypti af Boðtækni ehf., annars vegar í júní 2015 og hins vegar í mars 2016. Ákærðu neita báðir sök.

Svo sem rakið er í 1. kafla dómsins barst [...] Isavia ohf. tölvupóstur 29. júní 2017 frá A, fyrrverandi starfsmanni Boðtækni ehf., þar sem settar voru fram áskanir á hendur Boðtækni ehf. og ákærða Rúnari Má í tengslum við kaup Isavia ohf. á miðum í aðgangshlið að bílastæðum á vegum félagsins við Keflavíkurflugvöll. Leiddi það sem fram kom í tölvupóstinum og eftirfarandi athugun Isavia ohf. til þess að með bréfi 25. júlí 2017 kærði félagið ákærða Rúnar Má og „ótilgreinda forsvarsmenn Boðtækni ehf.“ til héraðssaksóknara.

Samkvæmt gögnum málsins var Boðtækni ehf. stofnað í febrúar 2002 af ákærða Guðberg og [...], B. Ákærði hefur frá stofnun félagsins verið stjórnarmaður í félaginu og framkvæmdastjóri þess.

Ákærði Rúnar Már hóf störf hjá Isavia ohf. sem þjónustustjóri 11. mars 2014, sbr. framlagðan ráðningarsamning. Honum var sagt upp störfum hjá félaginu 19. apríl 2016. Ákærði stofnaði Unique Chillfresh Iceland ehf. 8. apríl 2014. Ákærði hefur frá stofnun félagsins verið stjórnamaður í félaginu og framkvæmdastjóri þess.

Af framlögðum gögnum má ráða að 2. febrúar 2015 sendi A ákærða Rúnari Má tölvupóst og innti hann eftir því hvort hann mætti fyrir hönd Boðtækni ehf. gefa honum tilboð í miða í aðgangshlið að bílastæðum Isavia ohf. við Keflavíkurflugvöll. Í kjölfarið fylgdu samskipti þeirra á milli og með tölvupósti 23. mars 2015 sendi A ákærða Rúnari Má tilboð þar sem boðið var verð frá 2,22 krónum á miða og upp í 2,59 krónur, allt eftir fjölda lita í prentuninni. Með tölvupósti 7. apríl 2015 pantaði ákærði Rúnar Már síðan fyrir hönd Isavia ohf. 60.000 einfalda hvíta miða hjá Boðtækni ehf., en miðana fékk Boðtækni ehf. frá fyrirtæki í Tékklandi, M. Samkvæmt reikningi Boðtækni ehf. til Isavia ohf., dagsettum 26. maí 2015, seldi fyrrnefnda félagið því síðarnefnda síðan 120.000 „thermal“ miða á 2,69 krónur miðann, auk virðisaukaskatts.

Samkvæmt framburði ákærðu og A komu upp vandamál í miðavélum Isavia ohf. varðandi notkun miðanna sem voru í þessari fyrstu sendingu frá Boðtækni ehf. A hóf þá leit að miðum frá öðrum framleiðanda og komst í samband við þýskan framleiðanda, L. Svo fór að Boðtækni keypti 760.000 miða af þýska félaginu á 6,1 evru hverja þúsund miða, eða um 90 aura miðann, sbr. reikninga sem Boðtækni ehf. voru sendir og dagsettir voru 12. og 18. júní 2015. Miðana seldi síðan Boðtækni ehf. áfram til Isavia ohf., annars vegar á 5,50 krónur miðann, 45.000 miða, og hins vegar 8,10 krónur miðann, 715.000 miða, sbr. reikning Boðtækni ehf. til Isavia ohf., dagsettan 16. júní 2015. Þer reikningurinn með sér að þeir 45.000 miðar sem seldir hafi verið á 5,50 krónur hver miði hafi verið „blanko“ miðar sem sendir hefðu verið til landsins með DHL-hraðsendingu.

Ljóst er samkvæmt framansögðu að mjög mikill munur var á innkaupsverði miðanna sem Boðtækni ehf. fékk frá L og því verði sem Isavia ohf. greiddi fyrir þessa sömu miða þegar félagið keypti þá af Boðtækni ehf. Þá er verð það sem Isavia ohf. greiddi fyrir miðana einnig miklu hærra en samkvæmt verðtilboði sem A sendi ákærða Rúnari Má í tölvupósti 23. mars 2015 samkvæmt áðursögðu og því verði sem Isavia ohf. síðan greiddi fyrir hina tékknesku miða í fyrstu sendingunni frá Boðtækni ehf., eða 2,69 krónur fyrir hvern miða.

Fyrir dómi bar A að miðar þýska félagsins hefðu ekki verið dýrari í innkaupum en þeir miðar sem Boðtækni ehf. hefði fengið áður frá tékkneska félaginu. Verðið hefði verið lægra ef eitthvað var. Um ástæðu þess að verðið til Isavia ohf. fyrir þýsku miðana var þrátt fyrir það miklu hærra en verð það sem félagið hafði áður borgað fyrir tékknesku miðana bar vitnið að eftir að það hafði upplýst ákærða Rúnar Má um það í tölvupósti að Boðtækni ehf. gæti boðið nýju miðana á sama verði og þá fyrri hefði Rúnar Már hringt í vitnið og reifað fyrir því tillögu um að hann myndi fyrir hönd Isavia ohf. samþykkja mun hærra verð en vitnið legði til gegn því að ákærði fengi til sín hluta af því verði sem Isavia ohf. myndi greiða.

Vitnið kvaðst hafa brugðist við þessari tillögu með því að vísa Rúnari Má á ákærða Guðberg. Í kjölfarið hefði ákærði Rúnar Már komið og hitt Guðberg að vitninu og B viðstöddum. Við það tækifæri hefði komið fram hjá ákærða Rúnari Má að hann teldi sig geta réttætt vissa álagningu í krónum talið. Á fundinum hefðu jafnframt verið reifaðar hugmyndir um það hvernig skipta skyldi ágóðanum á mismuninum á innkaupsverði miðanna og söliverði þeirra til Isavia ohf. Þegar A hefði verið að fylgja ákærða Rúnari Má út eftir fundinn hefði Rúnar Már tjáð A að hann hefði lagt til við meðákærða og B að A fengi 500.000 krónur af mismuni innkaupsverðs og söliverðs miðanna í sinn hlut. Tók vitnið fram að það hefði aldrei farið fram á slíka greiðslu, hvað þá þegið hana.

Ákærðu hafa báðir hafnað framangreindum skýringum vitnisins A. Ákærði Guðberg sagði meðákærða og A hafa samið um það verð sem Isavia ohf. hefði greitt fyrir miðana sem Boðtækni ehf. seldi félaginu. Kvaðst ákærði engin samskipti hafa haft við meðákærða. Hann kannaðist við að hafa einu sinni rekist á meðákærða í húsakynnum Boðtækni ehf. og þeir þá spjallað saman í 2-3 mínútur. Ákærði þvertók hins vegar fyrir að hafa nokkru sinni fundað með meðákærða í húsakynnum Boðtækni ehf. og rétt við hann að A og B, [...], viðstöddum, eins og A hefur um borið. Ákærði Rúnar Már sagði meðákærða og A hafa tekið ákvörðun um það verð sem Isavia ohf. hefði greitt fyrir miðana sem Boðtækni ehf. seldi félaginu. Ákærði sagðist engin samskipti hafa haft við meðákærða og einungis einu sinni rekist á hann í húsakynnum Boðtækni ehf. Ákærði hefði kastað kveðju á meðákærða og þeir spjallað saman í 2-3 mínútur. Þvertók ákærði fyrir að hafa nokkru sinni fundað með meðákærða í húsakynnum Boðtækni ehf. og rétt við hann að A og B viðstöddum, svo sem A hefur borið. Samkvæmt þessu ber ákærðu ekki saman um það hverjir það voru sem ákváðu söliverð miðanna frá Boðtækni ehf. til Isavia ohf.

Eins og vikið er að í kafla I hér að framan framkvæmdi héraðssaksóknari leit í húsakynnum Boðtækni ehf. að Selhelli 13 í Hafnarfirði 27. ágúst 2018 á grundvelli úrskurðar Héraðsdóms Reykjaness. Upplýst er að við leitina fannst í möppu merktri Isavia, undir möppu merktri viðskiptamenn, Excel-skjal sem bar yfirskriftina „Verð.xlsx“. Samkvæmt upplýsingum um skjalið í tölvukerfinu var það stofnað 16. júní 2015 og síðast vistað og prentað 14. júlí 2015. Í skjalinu er að finna einfalda útreikninga. Fyrst útreikninga þar sem talan 2,25 er lögð til grundvallar og niðurstaðan er 1.687.500. Síðan koma eftirfarandi útreikningar:

5,5 kr. x 45.000	=	247.500 kr.	
8,1 kr. x 705.000	=	5.710.500 kr.	
750.000	=	5.958.000 kr.	- 1.687.500 kr. 4.270.500 kr.
		Skipting	
		Boðtækni	1.885.250 kr.
		Rúnar	1.885.250 kr.
		A	500.000 kr.

Upplýst er að áður nefnt félag ákærða Rúnars Má, Unique Chillfresh Iceland ehf., gaf út tvo reikninga til Boðtækni ehf. í júní 2015, dagsetta 16. og 30. þess mánaðar. Var fyrri reikningurinn að fjárhæð 1.000.000 krónur, auk virðisaukaskatts, en hinn síðari að fjárhæð 885.250 krónur, auk virðisaukaskatts. Reikningarnir voru samkvæmt efni sínu vegna ráðgjafar. Boðtækni ehf. greiddi reikningana með millifærslum 6. og 14. júlí 2015. Samtala reikninganna án virðisaukaskatts er sama tala og „Rúnar“ og „Boðtækni“ áttu átt að fá samkvæmt „skiptingu“ í tilvitnuðu Excel-skjali.

Af hálfu beggja ákærðu er því haldið fram að nefndir tveir reikningar Unique Chillfresh Iceland ehf. hafi verið vegna ráðgjafar á sviði sjávarútvegs og fyrirhugaðrar starfsemi Boðtækni ehf. og fyrirvarsmanna félagsins á því sviði sem síðar hafi raungerst í félaginu Íslandsfiski Co ehf. Þannig bar ákærði Guðberg fyrir dómi að sú starfsemi hefði hafist með atbeina A á árinu 2015. Ákærði sagði það hafa verið A sem bað ákærða Rúnar Má um ráðgjöfina. Ákærði Guðberg tók fram í því sambandi að þótt hann hefði vitað af því á sínum tíma að Boðtækni ehf. væri að kaupa ráðgjöf hefði hann ekki vitað þá meðákærði væri ráðgjafinn, en ákærði sagði A hafa fengið frjálsar hendur við það að setja starfsemi Íslandsfisks Co ehf. á fót. Reikninga Unique Chillfresh Iceland ehf. kvað hann B hafa greitt fyrir hönd Boðtækni ehf.

Aðspurður fyrir dómi gekkst ákærði Rúnar Már við því að hafa útbúið reikninga Unique Chillfresh Iceland ehf. til Boðtækni ehf., dagsetta 16. júní 2015 og 30. júní 2015. Reikningana hefði ákærði sent Boðtækni ehf., án athugasemda. Reikningana sagði ákærði hafa verið gerða vegna rágjafar sem hann hefði veitt tengda sjávarútvegi. Á hefði óskað eftir ráðgjöfinni fyrir hönd Boðtækni ehf. en hún hefði verið í þágu félags, Íslandsfisks Co ehf., sem þá hefði verið að stofna á vegum Boðtækni ehf. Ráðgjöfin hefði verið veitt A en mestmegnis hefði verið um „tengingar“ að ræða en einnig aðstoð við gæða- og vottunarmál. Ákærði kvaðst hafa haft samþykki frá yfirmanni sínum hjá Isavia ohf. til þess að sinna þessum ráðgjafarstörfum samhliða vinnu sinni hjá félaginu.

Almennt um sönnunargildi framburðar A í málinu er það að segja að dómurinn fær ekki séð að mögulegar ástæður þess að hann kaus að senda Isavia ohf. títtnefndan tölvupóst 29. júní 2017 geti einar og sér dregið úr vægi framburðar hans í málinu. Verður að meta sönnunargildi framburðarins með tilliti til þess hvernig hann samrýmist öðru því sem fram er komið í málinu. Þá verður að líta til þess að ekkert er fram um það komið að um mitt ár 2015, þegar atvik þau gerðust sem hér um ræðir, hafi samband A og vinnuveitanda hans hjá Boðtækni ehf. verið erfitt. Þvert á móti verður ekki annað séð en sambandið hafi á þeim tíma verið gott.

Fyrir dómi kannaðist A ekki við að hafa, fyrir hönd Boðtækni ehf., þegið þá ráðgjöf sem umræddir reikningar vísa til. Hann sagðist aldrei í starfi sínu hjá Boðtækni ehf. hafa beðið um eða fengið ráðgjöf frá ákærða Rúnari Má. Á kvaðst þvert á móti hafa vitað að reikningar frá Unique Chillfresh Iceland ehf. yrðu notaðir til þess að greiða ákærða Rúnari Má hlutdeild hans í afrakstrinum af samráði ákærðu. Þá sögðu yfirmenn ákærða Rúnars Más hjá Isavia ohf., F [...] og H [...], hann ekki hafa óskað eftir því að gegna öðrum störfum samhliða störfum sínum fyrir félagið, en honum hefði verið skylt að afla samþykkis fyrir slíkum störfum. Enn fremur verður við mat á sönnunargildi framburðar A að líta til þess að einungis einn annar reikningur var gerður af hálfu Unique Chillfresh Iceland ehf. vegna meintrar ráðgjafar ákærða Rúnars Más fyrir Boðtækni ehf., en sá reikningur var gefinn út í apríl 2016 í kjölfar þess að Isavia ohf. pantaði fleiri miða hjá Boðtækni ehf.

Í áður nefndu Excel-skjali er bar yfirskriftina „Verð.xlsx“ er að finna útreikninga þar sem talan 2,25 er lögð til grundvallar og niðurstaðan er 1.687.500. Að mati dómsins verður að telja verulegar líkur standa til þess í ljósi alls framangreinds að þar sé um að ræða verð á hinum þýsku miðum, sem upplýst er með framlögðum reikningum að var um 90 aurar fyrir hvern miða, með hefðbundinni álagningu Boðtækni ehf., sbr. framburð ákærða Guðbergs og A um það atriði. Þeir útreikningar sem á eftir fylgja eru eindregið til stuðnings þeim málalíbúnaði ákærvalds að haft hafi verið samráð um það að Boðtækni ehf. seldi Isavia ohf. miðana á miklu hærri verði með álagningu sem var margfalt hærri en álagning sem þekktist í rekstri Boðtækni ehf. Í ljósi þess að innkaupsverð hinna þýsku miða er upplýst í málinu er haldlaus sá málalíbúnaður ákærðu að umrætt miðaverð til Isavia ohf. geti á nokkurn hátt skýrst af gæðum þeirra miða.

Hér skal áréttað að ekkert hefur annað komið fram í málinu en að þegar Excel-skjalið var stofnað og síðast vistað hafi samskipti vitnisins A og vinnuveitanda hans hjá Boðtækni ehf. verið góð. Engin efni eru því til þess að líta svo á tilvist skjalsins í tölvukerfi Boðtækni ehf. geti skýrst af slæmum samskiptum A og vinnuveitanda hans og að A hafi komið því þar fyrir til að klekkja á vinnuveitanda sínum. Telur dómurinn upplýst og fá stöð í gögnum málsins að deilur þeirra hafi komið upp löngu síðar og stafað af framgöngu A í aðdraganda þess að hann hætti störfum hjá Boðtækni ehf. í mars 2017. Þær deilur geta því engin áhrif haft á úrlausn málsins.

Að öllu framangreindu heildstætt virtu er margtilvitnað Excel-skjal að mati dómsins eindregið til stuðnings framburði vitnisins A í málinu. Með vísan til þess og framburðar A, og öðru því sem framburðinum er til stuðnings samkvæmt framansögðu, þykir dóminum sannað svo ekki verði vefengt með skynsamlegum rökum, sbr. 1. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, að ákærðu hafi, að frumkvæði ákærða Rúnars Más, í aðdraganda viðskipta Boðtækni ehf. og Isavia ohf., haft samráð um gerð hinna háu reikninga Boðtækni ehf. til Isavia ohf. og að ákærði Rúnar Már myndi í krafti stöðu sinnar hjá Isavia ohf. sjá til þess að félagið keypti miðana á hinu óeðlilega háa verði og að ávinningurinn skyldi skiptast á milli ákærða Rúnars og Boðtækni ehf.

A fullyrti fyrir dómi að ákærða Guðberg hefði verið fullkunnugt um pöntun á fleiri miðum frá L í mars 2016. Verð til Isavia ohf., sem fram kæmi í tölvupósti ákærða Guðberg til A 16. mars 2016, kvað hann ákærðu hafa ákveðið í sameiningu og hefði hann ekkert komið að þeirri ákvörðun. Í kjölfarið hefði Isavia ohf. pantað 750.000 miða frá Boðtækni ehf. Ákærði Guðberg hefði gefið út og sent tvo reikninga vegna þeirrar pöntunar. Annar reikningurinn hefði verið vegna 10.000 miða sem komið hefði til vegna þess að þýska félagið hefði einungis getað framleitt miðana í 20.000 miða einingum og því hefðu verið keyptir 10.000 fleiri miðar en fyrst hefði verið áformað. Ákærði Guðberg neitar að hafa haft aðkomu að þessum viðskiptum en sá framburður hans er afar ótrúverðugur í ljósi þess sem dómurinn telur sannað um viðskipti Boðtækni ehf. og Isavia ohf. á árinu 2015. Fram kom hjá ákærða Guðberg fyrir dómi að hann bókaði reikninga hjá Boðtækni ehf. og sendi þá út. Þá liggja fyrir tölvupóstamskipti frá því í mars 2016 sem bera með sér að ákærði Guðberg hafi haft vitneskju um að félag hans hafi þá átt frekari viðskipti við Isavia ohf. á grundvelli samráðs ákærðu á árinu 2015. Að þessu gættu og með vísan til niðurstöðu dómsins hér að framan telur dómurinn sannað að samráð ákærðu hafi einnig tekið til miðakaupa Isavia ohf. af Boðtækni í mars 2016. Þá keypti Isavia ohf. samtals 760.000 aðgangsmiða af Boðtækni ehf. og greiddi fyrir hvern miða 8,3 krónur. Miðana keypti Boðtækni ehf. eins og áður af þýskum framleiðanda þeirra, nú á 5,9 evrur fyrir hverja 1000 miða eða um 0,83 krónur fyrir hvern miða á þáverandi gengi. Unique Chillfresh Iceland ehf. gaf svo út til Boðtækni ehf. reikning, dagsettan 4. apríl 2016, að fjárhæð 1.600.000 krónur, auk virðisaukaskatts, áritaðan um „ráðgjöf“.

Samkvæmt öllu framansögðu telur dómurinn sannað að ákærði Guðberg hafi borgað eða látið borga ákærða Rúnari Má, án réttmæts tilkalls hans, samtals 3.485.250 krónur í formi þriggja greiðslna frá Boðtækni ehf. til félags ákærða Rúnars, Unique Chillfresh Iceland ehf. Ávinningurinn af samráði ákærðu, samtals 4.546.790 krónur, hafi að öðru leyti runnið til Boðtækni ehf.

Við heimfærslu framangreindrar háttsemi ákærðu verður að líta til þess að dómurinn telur sannað, það sem vitnið A hefur um borið, að það hafi verið ákærði Rúnar Már sem hafði frumkvæðið að samráði ákærðu og fékk ákærða Guðberg til að leggja sér lið við að láta Isavia ohf. greiða miklu hærra verð fyrir miðana í bílastæðahliðin en eðlilegt gat talist. Að þessu athuguðu og að virtu orðalagi 264. gr. a. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 fær dómurinn ekki séð að háttsemi ákærðu verði með réttu heimfærð undir nefnt ákvæði. Ákærðu verða því sýknaðir af ákæru um brot gegn ákvæðinu.

Ef maður, sem fengið hefur aðstöðu til þess að gera eitthvað, sem annar maður verður bundinn við, eða hefur fjárreiður fyrir aðra á hendi, misnotar þessa aðstöðu sína, þá varðar það fangelsi allt að tveimur árum, og má þyngja refsinguna, ef mjög miklar sakir eru, allt að sex ára fangelsi, sbr. 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með þeirri háttsemi sem sannað þykir samkvæmt framansögðu að ákærði Rúnar Már hafi sýnt af sér í starfi sínu hjá Isavia ohf. telur dómurinn að hann hafi misnotað aðstöðu sína til að koma því til leiðar að félagið greiddi ríflega 8.000.000 króna hærra verð fyrir miða í bílastæðahlið félagsins við Keflavíkurlflugvöll en það hefði gert ef ekki hefði komið til samráðs ákærðu. Samkvæmt vætti F, er gegndi starfi [...] hjá Isavia ohf. á árunum 2015 og 2016 og var [...] yfirmaður ákærða Rúnars Má, átti ákærði að sjá um rekstur kerfa tengdum bílastæðunum og hafði heimild til þess að kaupa miða í aðgangshlið að bílastæðum félagsins. Samkvæmt framansögðu misnotaði ákærði Rúnar Már aðstöðu sína og braut gegn starfsskyldum sínum með því að koma því til leiðar að Isavia ohf. greiddi umrædda reikninga Boðtækni ehf. Samkvæmt framlögðum gögnum og vætti F samþykkti ákærði Rúnar Már reikningana í kerfum Isavia ohf. og fólst í því samþykki hans að reikningarnir væru réttmætir. Það að umrædd miðakaup voru gerð í svo miklu magni að bera hefði átt reikningana undir sviðsfund hjá Isavia ohf. getur að framangreindu virtu ekki leitt sýknu ákærða af ákæru um brot gegn 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, enda fólst í starfi hans samkvæmt áðursögðu umboð til miðakaupa og þá leiddi framganga hans sannanlega til þess að vinnuveitandi hans greiddi hina óréttmætu reikninga. Með vísan til þessa verður ákærði sakfelldur fyrir að hafa með áðurlýstri háttsemi sinni gerst sekur um brot gegn 249. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt því sem áður var rakið telur dómurinn sannað að ákærði Guðberg hafi veitt ákærða Rúnari Má liðsinni í verki við brot hans gegn 249. gr. almennra hegningarlaga og notið hagnaðar af brotinu.

Ákærði Guðberg verður því sakfelldur fyrir hlutdeildarbrot gegn 249. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. og 4. mgr. 22. gr. laganna.

Ákærufli II:

Í ákærufli II.A er ákærða Guðberg gefið að sök peningþvætti með því að hafa aflað félagi sínu Boðtækni ehf. ávinnings af brotum sínum og ákærða Rúnars Mús og nýtt þann ávinning, að minnsta kosti 4.546.790 krónur, í rekstri félagsins.

Samkvæmt framansögðu telur dómurinn sannað að 4.546.790 krónur af ávinningi af brotum ákærðu, sbr. umfjöllun dómsins varðandi ákærufli I, hafi runnið til Boðtækni ehf. Eins og áður var rakið hefur ákærði Guðberg frá stofnun Boðtækni ehf. verið stjórnarmaður í félaginu og framkvæmdastjóri þess. Að virtum gögnum málsins þykir ekki annað verða lagt til grundvallar en að nefndur ávinningur hafi verið nýttur í rekstri Boðtækni ehf. Þó svo ekki liggi nákvæmlega fyrir með hvaða hætti það hafi verið gert. Verður ákærði því sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákærufli II.A og þar er réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Í ákærufli II.B er ákærða ákærða Rúnari gefið að sök peningþvætti með því að hafa í gegnum félag sitt Unique Chillfresh Iceland ehf., með þeim hætti sem lýst er í ákærufli I, aflað og nýtt sér ávinning að fjárhæð 3.485.250 krónur af brotum samkvæmt ákærufli I.

Í umfjöllun dómsins um ákærufli I er því slegið föstu að atvik hafi verið með þeim hætti sem lagt er til grundvallar í ákærufli II.B. Háttsemi ákærða Rúnars Mús samkvæmt ákærufli II.B telst því sönnuð og er hún þar réttilega heimfærð til refsíákvæða.

5

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins á ákærði Rúnar Mús engan sakaferil að baki. Hann er í málinu sakfelldur fyrir umboðssvik og peningþvætti. Dómurinn telur samkvæmt framansögðu sannað að ákærði Rúnar Mús hafi átt frumkvæðið að verðsamráði ákærðu og telur dómurinn sakir ákærða mjög miklar í skilningi 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Að þessu gættu og að brotum ákærða að öðru leyti virtum þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 12 mánuði. Með vísan til þess að ákærða hefur ekki áður verið gerð refsing þykir mega fresta fullnustu níu mánaða af refsingunni og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt vottorði sakaskrár ríkisins á ákærði Guðberg engan sakaferil að baki. Hann er í málinu sakfelldur fyrir hlutdeild í umboðssvikum meðákærða og peningþvætti. Að þessu gættu og að brotum ákærða að öðru leyti virtum þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í níu mánuði. Með vísan til þess að ákærða hefur ekki áður verið gerð refsing þykir mega fresta fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

6

Í málinu krefst kröfuhafi, Isavia ohf. þess að ákærðu verði dæmdir til greiðslu skaðabóta in solidum, samtals að fjárhæð 8.868.500 krónur, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 4.270.500 krónum frá 30. júní 2015 til 30. mars 2016, en af 8.868.500 krónum frá þeim degi þar til mánuður er liðinn frá birtingu kröfunnar. Krafist er dráttarvaxta af heildarfjárhæðinni samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 frá þeim degi að liðinn er mánuður frá birtingu kröfunnar og til greiðsludags. Þá krefst Isavia ohf. málskostnaðar úr hendi ákærðu að mati dómsins.

Endanleg bótakrafa kröfuhafans Isavia ohf. byggir á þeim atvikum sem í ákæru er lýst og þeirri aðferðafræði við útreikning fjárhæða sem byggt er á í málalíbúnaði ákæruvalds. Eftir þá breytingu sem kröfuhafi gerði á kröfunni við aðalmeðferð málsins þykir dómnum krafan nægjanlega reifuð svo á hana verði lagður dómur. Ekki eru því efni til þess að fallast á kröfu ákærðu um frávísun kröfunnar.

Svo sem fram kemur í kafla 5 hér að framan hefur dómurinn slegið því föstu að ákærðu hafi brotið gegn 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með hinni refsiverðu háttsemi höfðu ákærðu fé af kröfuhafa. Með brotinu hafa þeir bakað sér óskipta bótaábyrgð gagnvart kröfuhafa vegna þess tjóns sem

af því leiddi. Möguleg bótaábyrgð fleiri aðila á tjóninu getur engu breytt um óskipta ábyrgð ákærðu gagnvart kröfuhafa.

Eins og áður var rakið telur dómurinn sannað að ákærðu hafi haft samtals 8.032.040 krónur af Isavia ohf. Þá verður að fallast á það með kröfuhafa að tjón hans hafi verið 836.460 krónum meira en vísað er til af hálfu ákærvalds í ákæru, en um er að ræða fjárhæð sem ákærði Rúnar Már greiddi í virðisaukaskatt samkvæmt þeim reikningum sem hann gerði Boðtækni ehf. Ákærðu verður því gert að greiða Isavia ohf. óskipt samtals 8.868.500 krónur, ásamt umkröfðum vöxtum og dráttarvöxtum, svo sem nánar greinir í dómsorði, og 300.000 krónur í málskostnað.

7

Í IV. kafla ákæru er krafist upptöku á eignum ákærðu eftir ákvæðum VII. kafla A. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. einkum 69. gr. og 1. mgr. 69. gr. b. Er þess krafist að ákærði Guðberg sæti upptöku á 4.546.790 krónum sem teljist hluti af andvirði eignarhluta hans í fasteigninni Lyngholti 1 í Garðabæ, fnr. [...]. Jafnframt er þess krafist að ákærði Rúnar sæti upptöku á 3.485.250 krónum sem teljist hluti af andvirði eignarhluta hans í fasteigninni Heiðarbóli 45 í Reykjanesbæ, fnr. [...].

Samkvæmt 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 má gera upptækan ávinning af broti eða fjárhæð sem svarar til hans í heild eða að hluta. Sama gildir um muni sem keyptir eru fyrir ávinninginn eða komið hafa í stað hans. Þegar ekki er unnt að færa fullar sönnur á fjárhæð ávinnings er heimilt að átla fjárhæðina. Þá er á um það kveðið í 1. mgr. 69. gr. b. að gera megi upptæk verðmæti, að hluta eða í heild, sem tilheyra einstaklingi sem gerst hefur sekur um brot þegar 1) brotið er til þess fallið að hafa í för með sér verulegan ávinning og 2) það getur varðað að minnsta kosti sex ára fangelsi. Samkvæmt 3. mgr. 69. gr. má með sömu skilyrðum og greinir í 1. mgr. gera upptæk verðmæti, að hluta eða í heild, sem runnið hafa til lögaðila sem viðkomandi einstaklingur, einn eða með sínum nánustu, hefur ráðandi stöðu í.

Með vísan til ofangreinds, kröfugerðar ákærvalds, gagna málsins og niðurstöðu dómsins í köflum 4 og 5 hér að framan þykja uppfyllt lagaskilyrði svo fallist verði á upptökukröfu ákærvalds með þeim hætti sem krafist er í ákæru og í dómsorði greinir.

Með vísan til úrslita málsins, sbr. 1. mgr. 235. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, verður ákærða Guðberg gert að greiða þóknun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms Þ. Á. Vilhjálmssonar lögmanns. Þá verður ákærða Rúnari Má gert að greiða þóknun skipaðs verjanda síns, Þóris Júlíussonar lögmanns. Þóknun verjanda ákærðu þykir eftir umfangi málsins hæfilega ákveðin með þeim hætti sem í dómsorði greinir.

Dóm þennan kveður upp Kristinn Halldórsson héraðsdómari. Fyrir uppsögu dómsins var gætt 1. mgr. 184. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Dómsorð:

Ákærði Rúnar Már Sigurvinsson sæti fangelsi í 12 mánuði en fresta skal fullnustu níu mánaða af refsingu hans og skal sá hluti refsingarinnar falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði Guðberg Þórhallsson sæti fangelsi í níu mánuði en fresta skal fullnustu refsingarinnar og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði Rúnar Már greiði þóknun skipaðs verjanda síns, Þóris Júlíussonar lögmanns, 2.867.500 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum.

Ákærði Guðberg greiði þóknun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms Þ. Á. Vilhjálmssonar lögmanns, 3.211.600 krónur að virðisaukaskatti meðtöldum.

Ákærði Rúnar Már sæti upptöku á 3.485.250 krónum sem teljast hluti af andvirði eignarhluta hans í fasteigninni Heiðarbóli 45 í Reykjanesbæ, fnr. [...].

Ákærði Guðberg sæti upptöku á 4.546.790 krónum sem teljast hluti af andvirði eignarhluta hans í fasteigninni Lyngholti 1 í Garðabæ, fnr. [...].

Ákærðu Guðberg og Rúnar Már greiði Isavia ohf., kt. [...], óskipt 8.868.500 krónur, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af 4.270.500 krónum frá 30. júní

2015 til 30. mars 2016 en af 8.868.500 krónum frá þeim degi til 5. maí 2019 en dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, og 300.000 krónur í málskostnað.